

Bæjarins besta

ÓNÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Miðvikudagur 10. september 2003 • 36. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk



Horfa framhjá erfiðinu og láta hlutina ganga

– rætt við foreldra tveggja barna í Bolungarvík sem eru með PKU-erfiðagallann. Sjá nánar miðopnu.

FT sjávarafurðir ehf. á Ísafirði óska eftir byggðakvóta

Starfseminni að öðrum kosti sjálfhætt

Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri FT sjávarafurða ehf. á Ísafirði, hefur ritað Ísafjarðarbæ bréf þar sem þess er óskað að byggðakvóta sem kunni að koma í hlut sveitarfélagsins á nýhöfnu fiskveiðiári verði úthlutað til fyrirtækisins. Síðan semji fyrirtækið við viðskiptabáta sína um að veiða hann. „Að öðrum kosti sér félagið ekki fram á

að geta haldið áfram rekstri og mun sjálfkrafa hætta starfsemi nú í haust“, segir í bréfinu.

Gunnar vísar til reglugerðar um úthlutun byggðakvóta frá því í ágúst á þessu ári. Þar segir að sveitarfélögum sé heimilt að setja reglur um úthlutun byggðakvóta á sínu svæði að fengnu samþykki sjávarútvegsráðuneytisins og

að teknu tilliti til núgildandi laga.

Í bréfinu segir Gunnar að með því að beina úthlutun í gegnum vinnsluðila sé tryggt að afli komi til vinnslu innan sveitarfélagsins. Að auki bendir hann á að útgerðaraðilum sé frjálst að selja afla sem veiddur sé út á byggðakvóta úr byggðalaginu eða leigja samsvarandi kvóta frá

sér. Hann segir enn fremur fiskvinnslu á vegum FT sjávarafurða að mestu byggða á kaupum á hráefni af markaði, þar sem verð sé hátt og framleiðendur sem hafi aðgang að aflaheimildum nýti til að fylla upp í vinnsluna hjá sér.

„Samkeppnisstaða FT sjávarafurða ehf. hefur því verið verulega skekkt og félagið telur að nýta beri framangreinda

úthlutun á byggðakvóta til að styrkja samkeppnisstöðu þess á hráefnismarkaði“, segir Gunnar í niðurlagi bréfsins.

Alls verður úthlutað byggðakvóta sem nemur 1.500 þígg. tonnum á yfirstandandi fiskveiðiári. Sveitarfélög hafa frest til 15. október til að leggja fram tillögur að úthlutunarreglum á byggðakvóta fyrir sitt svæði. – kristinn@bb.is

/SAMKAUP/
- gætt og forðgætt

OPÍÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21


Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

/SAMKAUP/
- gætt og forðgætt

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM

Flytjandi
- allir vörubærir

EIMSKIP
GRAND LEND

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Bláðamenn:

Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Halldór Jónsson
sími 892 2132
hj@bb.is

Ritstjóri netútgáfu:

Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlisstöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**
Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig
Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími
456 4106. **Súðureyri:**

Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flateyri:** Gunnhildur
Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.
Þingeyri: Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:


Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**
Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhlaðan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.
Bensinstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krílið,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukorti.

Sjaldséð snjóleysi til fjalla

Nú þegar haust nálgast á Ísafirði eftir hlýtt sumar og afar mildan vetur er nær allur snjór farinn úr fjöllum í Skutulsfirði. Margir njóta þess að virða fyrir sér Naustahvilft sem nú er snjólaus með öllu. Rétt má greina örlítinn snjóskafi, ef vel er að gáð, við fjallatoppa ofan Engidals þar sem oft er vænn snjókragi mestallt árið. Snæfjallaströnd ber þó ennþá nafn með rentu en þar eru vænir snjóskafar.

Forvitnilegt verður að fylgiast með hvort snjórinn á enn eftir að minnka í fjöllum. Ef tíðarfar á komandi vetri og næsta sumri verður eitthvað í líkingu við það sem verið hefur síðasta árið á snjórinn sjálfsagt enn eftir að hoga. Ekki er ljóst hvenær fjallasýn Ísfirðinga var síðast svo snjólétt en ef tekið er mið af elstu mönnum er orðið alllangt síðan. — kristinn@bb.is



Engan snjó er að sjá í Naustahvilft.

Alþjóðlegt snjóflóðarannsóknaverkefni á Flateyri

Hraði snjóflóða verður mældur með radar

Tvö hátæknimöstur verða sett upp við snjóflóðavarnargarðana á Flateyri í haust í tengslum við þátttöku íslenskra vísindamanna í alþjóðlegu verkefni á sviði snjóflóðarannsókna. Evrópusambandssjóðurinn hefur veitt um

170 milljónum króna til verkefnisins, þar af 10 milljónum til Íslands, auk þess sem Ofanflóðasjóður og Veðurstofa Íslands styrkja rannsóknir hér á landi um 11 milljónir króna.

Verkefnið sem ber heitið SADZIE, hófst snemma á

þessu ári og lýkur árið 2005. Auk Íslendinga taka þátt í því Frakkar, Norðmenn, Ítalir og Bretar. Markmiðið með verkefninu er að auka skilning á eðli og eiginleikum snjóflóða til þess að bæta hönnunarfor- sendur við gerð varnarmarkja.

Að fengnum niðurstöðum á að vera unnt að meta hættu sem stöðjar að fólki í nágrenni snjóflóðavarnarmarkja.

Möstrin sem setja á upp á Flateyri á að nota til að mæla hraða snjóflóða, líkt og lög- regla gerir við radarmælingar á vegum úti. Mælitæki verða síðan sett á möstrin í vor. Verður þeim beint upp í fjallshlíðina og munu kveikja sjálfkrafa á sér ef snjóflóð fellur.

Fjárdrátturinn hjá Fjórðungssambandinu

Ekki eðlismunur á brotum

Eins og fram hefur komið ákvað stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga að kæra til lögreglu fjárdrátt framkvæmdastjóra sambandsins. Þegar næsti framkvæmdastjóri á undan varð uppvís að fjárdrætti var það mál hins vegar ekki kært til lögreglu. Því hafa vaknað spurningar hvort eðlismunur sé á brotum

þessum. Að sögn Guðna G. Jóhannessonar, stjórnarformanns sambandsins, er svo ekki. Nú sitji aftur á móti annað fólk í stjórn sambandsins með önnur viðhorf, auk þess sem fyrir hafi legið álit lögmanns sem mælti með að þessi leið yrði farin nú.

Framkvæmdastjórinn sem nú sætir rannsókn lögreglu

hefur gert að fullu upp fjárdrátt sinn við sambandið. Eftirstöðvar fjárdráttar næstsíðasta framkvæmdastjóra og kostnaður þess máls, samtals rúmar tvær milljónir króna, hafa verið afskrifaðar í reikningum sambandsins. Að sögn Guðna var það ákórðun fyrri stjórnar sambandsins.

— hj@bb.is

Pakkir

Við hjónin þökkum fyrir kveðjur og gjafir og þann hlýhug sem fylgdi í tilefni af 50 ára afmæli mínu og biðjum fyrir bestu kveðjur vestur.

Ólafur Helgi Kjartansson,
Þórdís Jónsdóttir.

Ísafjörður

Pósturinn í Neistahúsið

Hörður Jónsson framkvæmdastjóri hjá Íslands- pósti segir það til alvarlegrar athugunar að flytja pósta- afgreiðsluna á Ísafirði úr gamla pósthúsinu við Aðalstræti í verslunarmiðstöðina Neista ofar á Eyrinni.

„Í sjálfu sér hefur ekkert verið ákveðið um það og engir samningar frágengnir. Við lítum svo á að til lengri tíma lítið sé núverandi húsnæði ekki hentugt fyrir starfsemina og þess vegna höfum við í huga að koma okkur fyrir á betri stað. Við erum í viðræðum við eigendur Neista.“

Súðavík

Kaupir land á Langeyri

Súðavíkurbreppur er þessa dagana að ganga frá kaupum á tæplega eins hektara landareign Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. á Langeyri í Álftafirði. Landið á að nota undir væntanlega iðngarða Súðvíkinga.

Samkvæmt drögum að samkomulagi sem liggja fyrir er stærð landsins 9.324 fermetrar og áætlað kaupverð 578.088 kr. Á síðasta fundi hreppsnefndar var sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Hraðfrystihúsið-Gunnvöru hf. í samræmi við þau drög að samningi er fyrir liggja. — hj@bb.is

Skuggi Fjórðungssambandsins

Frá því Fjórðungssamband Vestfirðinga var stofnað árið 1949 hafa miklar breytingar orðið á stöðu vestfirskra byggða. Á engum sviðum þó eins afdrifaríkar og hvað varðar undirstöðuþáttinn Vestfirðinga um aldir, fiskveiðar og fiskvinnslu. Í erfiðum varnarleik sveitarstjórnarmanna til viðhalds byggðar á Vestfirðum hefur Fjórðungssambandið verið sá vettvangur, þar sem reynt hefur verið að stilla saman strengi til framgangs hagsmunum Vestfirðinga. Um uppskeruna í gegnum árin af samþykktum þar sem „þingið skoraði á“ og svo framvegis er mat manna mismunandi. Sama gildir um stöðu Fjórðungssambandsins í dag. Nýverið lét einn bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar þau orð falla, að sambandið væri að mörgu leyti dauð og úrelt stofnun. BB tekur ekki afstöðu til mats bæjarfulltrúans né viðbragða stjórnarformannsins þar í móti. Fjórðungssambandinu veitir hins vegar ekki síður afreglubundinni naflaskoðun en fjölmörgum öðrum stofnunum samfélagsins.

Óneitanlega lá skuggi þeirra atburða sem átt hafa sér stað í tengslum við tvo síðustu framkvæmdastjóra Fjórðungssambandsins yfir þingi þess, sem fram fór í Reykjanesi um helgina. Ef til vill var höggið þyngra, þar sem menn áttu ekki von á að sagan endurtæki sig. Hætt er við að sviða undan áföllunum kenni um sinn, þar

sem nú er upplýst að (fyrri) stjórn sambandsins afskrifaði um 2,2 milljónir vegna viðskilnaðar þess framkvæmdastjóra sem hætti 2001 en núverandi stjórn kys að sækja hinn til saka. Upphæðin sem afskrifuð var er nálægt 14% af heildarkostnaði við rekstur sambandsins á ársgrundvelli og liðlega 30% af kostnaði við stöðu framkvæmdastjóra sama tíma.

Núverandi stjórnarformaður Fjórðungssambandsins segir mál framkvæmdastjóranna sama eðlis, en nú sitji annað fólk með önnur viðhorf að völdum, auk þess sem lögmáður hafi mælt með að þessi leið yrði farin nú. Vegna þess arna verður ekki hjá því komist að spyrja: Hvaða „önnur viðhorf“ eru það, sem valda því að mál sama eðlis skuli tekin svo ólíkum tókum? Leitaði fyrri stjórn ekki ráða lögmanns, eða ráðlagði einhver slíkur henni frá því að aðhafast frekar? Hver eða hvað reyndist örlagavaldur stjórnarinnar í málinu á sínum tíma?

Mál framkvæmdastjóranna eru harmsefni öllum er til þekkja. Hið sama má segja um afstöðu ráðamanna Fjórðungssambandsins. Misvísandi ákvarðanir þeirra minna óþægilega á fyrri tíma viðhorf til laga og réttar.

s.h.

Misfellur komu í ljós við gerð ársreiknings

– eftirliti með fjárreiðum alls ekki áfátt, að mati stjórnarformanns

„Það er á engan hátt hægt að halda því fram að eftirliti með bókhaldi og fjárreiðum sambandsins hafi verið áfátt“, segir Guðni Geir Jóhannesson, stjórnarformaður Fjórðungssambands Vestfirðinga. Hann segir að sjóðþurrðin hjá framkvæmdastjóra sambandsins sem upp komst í síðustu viku hafi komið í ljós þegar endurskoðendur voru að ganga frá ársreikningi eins og venja sé á þessum tíma árs fyrir Fjórðungsþing. Guðni segir að þegar síðasta þing var haldið fyrir réttu ári hafi hlutirnir verið í fullkomnu lagi. Fullt traust hafi ríkt milli manna og fjarstæðukennt hefði verið að láta sér detta í hug að sagan endurtæki sig með þessum hætti hjá sambandinu.

„Það má segja að í ljósi þess sem henti framkvæmdastjórnann á undan hafi ennþá ríkar verið lagt á við þann sem nú gegndi starfinu að hlutirnir yrðu að vera í fullkomnu lagi. Hann vissi þegar hann var ráðinn að menn yrðu á tánum í þessum efnum. Ég tel að við höfum alveg staðið okkar



Guðni Geir Jóhannesson. plikt.“


Guðni bendir á, að ekkert hafi komið í ljós varðandi lausafjárstöðu Fjórðungssambandsins sem bent hafi til þess að eitthvað væri athugavert. „Engar kvartanir bárust um að sambandið borgaði ekki reikninga sína eins og gerðist í tilviki framkvæmdastjórans á undan“, segir Guðni. „En þegar framkvæmdastjóri er einn í starfi og hefur alla hluti í daglegum rekstri í sínum höndum verður að ríkja traust milli manna. Það var ekki fyrr en endurskoðendur fara nákvæmlega gegnum bókhaldið sem þetta kemur í ljós.“

Eins og fram hefur komið nam fjárdrátturinn sem nú komst upp rúmlega 2,2 milljónum króna á árinu 2002 en

féð hafði verið endurgreitt fyrir síðustu áramót. Guðni Geir segir að þegar endurskoðendur hafi rekist á þessar færslur í bókhaldi ársins 2002 hafi bókhaldið það sem af er þessu ári umsvifalaust verið tekið til rannsóknar. Þar kom fram fjárdráttur sem nam um 4,6 milljónum króna en fyrr í vikunni höfðu þrjár milljónir króna af þeirri upphæð verið endurgreiddar.

Aðspurður hvort Fjórðungssamband Vestfirðinga liggi jafnan með mikla peninga segir Guðni að svo sé ekki. Að vísu eigi það um þessar mundir peninga inni á bankabók sem séu söluandvirði skrifstofuhúsnæðis sem sambandið átti í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. „Það hefur ekki verið hreyft við þeim peningum. Síðan eru tekjur frá sveitarfélögunum og ríkissjóði sem fara inn á reikning sambandsins. Það er mikil hreyfing á sjóði þess en veltan mun vera eitthvers staðar milli 15 og 20 milljónir á ári“, segir Guðni Geir.

– hlynur@bb.is



Uggvænleg búsetuþróun á Vestfjörðum síðasta áratuginn

Unga fólkinu fækkar og tekjurnar lækka

Unga fólkid er á hraðri leið af landsbyggðinni til Reykjavíkur. Þetta kemur meðal annars fram í skýrslu sem Sigurður Sigurðarson, ráðgjafi hjá Atvinnuþróunarfélagi Norðurlands vestra, hefur unnið í samstarfi við Bygðastofnun og birt var fyrir skömmu. Vestfirðir koma verst allra landshluta út í þeim þáttum varðandi búsetuþróun síðasta áratuginn sem skýrsluhöfundur kannar. Í skýrslunni sem ber nafnið „Unga fólkid fór“ kemur fram að á árunum 1992-2002 fækkaði fólk á aldrinum 20-44 ára hlutfalls-

lega á landsbyggðinni.

Hlutfall aldurshópsins 20-64 ára og þó sérstaklega aldurshópsins 20-44 ára telur skýrsluhöfundur gefa vísbendingar um hversu styrkum stóðum atvinnulífið stendur. Þetta sé athafnafólkið sem er ráðandi í þróun þjóðfélagsins, sparar, eyðir, fjárfestir, greiðir skatta og svo framvegis.

Í skýrslunni kemur fram að hlutfall Vestfirðinga í heildarskattgreiðslum landsmanna er að minnka, með öðrum orðum að meðaltekjur á Vestfjörðum hafa farið lakkandi í hlutfalli við landið í heild. Á árinu 1992 greiddu Vestfirðingar sem þá

voru 3,7% landsmanna 4,0% af tekjusköttum en á árinu 2002 þegar Vestfirðingar voru 2,8% landsmanna greiddu þeir aðeins 2,4% af tekjusköttum.

Á viðmiðunarárunum hefur útsvarsgreiðendum á Vestfjörðum fækkað um 14,9% á meðan þeim hefur fjölgað á landinu öllu um 14,8%. Greiðendum sérstaks tekjuskatts (hátekjuskatts) hefur á þessu tímabili fækkað um 24,3% á Vestfjörðum en fjölgað á sama tíma á landinu öllu um 77,1%.

– hj@bb.is

Stórfundur

Stórfundur

Stórfundur

Orð skulu standa

Sunnudaginn 14. september kl. 14:00 verður haldinn opinn fundur í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði

Dagskrá:

1. Setning fundar:

Guðmundur Halldórsson formaður Eldingar.

2. Ræður:

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Guðjón Arnar Kristjánsson, alþingismaður

Einar Oddur Kristjánsson, alþingismaður

Snorri Sturluson, smábátasjómáður á Suðureyri

Jóhann Ársælsson, alþingismaður

Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður

Jón Bjarnason, alþingismaður

3. Fyrirspurnir úr sal til alþingismanna NV-kjördæmis. Umsjón:

Árni Snævarr fréttamaður

4. Frjálsar umræður

5. Ályktun fundarins borin upp

Línuívilnun var samþykkt á landsfundum stjórnmalaflokkanna. Línuívilnun var kosningaloforð. Línuívilnun er lofað í stjórnarsáttmála. Hverjar verða efndirnar? Svar við því fæst á stórfundinum.

Sóknardagar eru 19 á fiskveiðiárinu. Láta alþingismenn það viðgangast? Svar við því fæst á stórfundinum.



Birkir H. Sverrisson og Matthías Vilhjálmsson.

Tveir ungir og efni- legir landsliðsmenn

Ísafirðingarnir Birkir H. Sverrisson og Matthías Vilhjálmsson hafa þrútt fyrir ungan aldur öðlast töluverða reynslu í knattspyrnuheiminum. Þeir félagar eru einungis sextán ára gamlir og rétt skriðnir upp úr gagnfræðaskóla en hafa þrútt fyrir það verið fastmenn í meistaraflokksliði Boltafélags Ísafjarðar. Þá voru þeir valdir í landslið Íslands skipað leikmönnum sautján ára og yngri sem tók þátt í opnu Norðurlandamóti í Noregi í sumar.

Eitt yngsta knattspyrnulið landsins

Þegar meistaraflokkur Boltafélags Ísafjarðar var endurvakin á haustdögum 2001 var mótuð sú stefna að byggja liðið upp á ungum heimamönnum. Þeirri stefnu hefur ljóslega verið fylgt því þeir Matthías og Birkir fengu báðir tækifæri með liðinu strax í fyrria, þá nýlega

orðnir fimmtán ára gamlir. „Við spiluðum þrjá leiki hvor í fyrria“, segir Matthías. „Okkur væri ekki alls staðar gefið svona tækifæri. Afraksturinn af þessari stefnu félagsins er eitt allra yngsta knattspyrnulið á landinu. Ég held að meðalaldurinn sé eitthvað um 22 ár. Liðið er jafnvel of ungt, það væri kannski betra að hafa einhverja fleiri reynslubolta með sér. En ég er alveg viss um að ef að það tekst að halda þessum mannskap hjá félaginu, þá verður þetta orðið mjög gott lið innan fárra ára.“

Óvíst er hvort Matthías eða Birkir leika með liðinu á næstu leiktíð. Þeir eru báðir farnir suður í skóla og koma til með að æfa þar á fullu í vetur. Óráðið er þó með hvaða félagi það verður eða hvað þeir gera næsta sumar.

Ætlu sex sinnum í viku í sumar

Birkir segir að þeir hafi

báðir byrjað að æfa knattspyrnu á sjötta aldursári. „Við höfum æft síðan. Það eru margir sem hætta þegar þeir komast á gagnfræðaskólaaldur, en þá fer þetta fyrst að vera skemmtilegt. Maður verður að vísu alltaf að leggja meira og meira á sig og taka þetta af meiri alvöru. Í sumar æfðum við til að mynda sex sinnum í viku, bæði með meistaraflokki og 3. flokki.“

Var náttúrlega stressaður fyrst

Birkir og Matthías voru valdir í U-17 landslið Íslands í vetur og fóru í sumar með liðinu á opið Norðurlandamót í Noregi. „Við byrjuðum í þrjátíu manna hóp sem síðar var skorinn niður í átján manns“, segir Birkir. „Við komumst í gegnum þennan niðurskurð og fórum með liðinu út. Það hefði svo sem mátt ganga betur hjá liðinu. Við spiluðum fjóra leiki og töpuðum

þeim öllum nema leiknum á móti Færeyjum. Mér fannst við samt standa okkur þokkalega. Maður var náttúrlega stressaður fyrst, en svo kom þetta allt.“ „Mér fannst við líka vera svolítið óheppnir á mótinu“, segir Matthías.

Stefnt á ensku úrvalsdeildina

Aðspurðir segja Birkir og Matthías ekki nærri vera hætta að sparka bolta. „Við erum rétt að byrja“, segir Birkir. „Við ætlum nú samt að fara alla leið í þróttinni. Draumurinn er náttúrlega að spila í útlöndum, helst í ensku úrvalsdeildinni. Fyrst við erum komnir svona langt þýðir ekkert að hætta núna.“

„Við ætlum nú samt að hafa eitthvað í bakhöndinni ef ferillinn skyldi ekki ganga alveg eins og maður ætlar“, segir Matthías. „Þess vegna ætlum við að reyna að standa okkur vel í skólanum líka.“ – *hafldan@bb.is*



Súðavíkurhreppur gerir ekki upp á milli

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps tekur ekki þátt í stórfundi þeim sem smábátasjómenn fyrirhuga um línuvöðun 14. september. Á fundi nefndarinnar í síðustu viku var eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða: „Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps er sammála um að beita sér ekki fyrir því að tekin verði upp línuvöðun til handa smábátasjómönnum. Hreppsnefnd bendir á, að á svæðinu sé um mismunandi útgerðarflokka að ræða og sjái hún sér ekki fært að styðja, né setja sig á móti kröfum hagsmunaaðila eins útgerðarflokks umfram annan.“ – *hj@bb.is*

Hjörtur sýnir teikningar og málverk

Hjörtur Hjartarson myndlistarmaður opnaði sýningu á teikningum og málverkum í Slunkaríki á laugardag. Verkin hafa öll verið unnin á þessu ári og því síðasta en þema þeirra er „hópar“ þ.e. „ekki einstaklingurinn heldur hvernig hann er innan um sína hjörð“, eins og segir í tilkynningu frá Slunkaríki. Hjörtur útskrifaðist úr fjölkæmudeild Myndlista- og handiðaskóla Íslands vorið 1996. Sýningin í Slunkaríki verður opin milli kl. 16 og 18, fimmtudaga til sunnudaga fram til sunnudagsins 28. september. – *kristinn@bb.is*

Ágóðahlutur Ísafjarðarbæjar 7,2 milljónir

Sveitarfélögum í landinu hefur verið tilkynnt um hver ágóðahlutur þeirra frá Brunabótafélagi Íslands verði fyrir árið 2003. Hlutur hvers og eins skal miðaður við hlutdeild sveitarfélags í Sameignarsjóði Eignarhaldsfélags BÍ. Hlutdeildin er miðuð við iðgjöld brunatrygginga í hverju sveitarfélagi. Mælist BÍ til þess að fjármunum þessum skuli m.a. varið til forvarna í sveitarfélögunum. Hlutur Ísafjarðarbæjar í ágóðanum er rúmar 7,2 milljónir króna. Til samanburðar má geta þess að hlutur Hólmavíkur er rúmar 630 þúsundir. – *hj@bb.is*

Ákvörðun um kaup á nýjum hafnsögubáti frestað að sinni

Ósk Guðmundar M. Kristjánssonar hafnarstjóra í Ísafjarðarbæ um kaup á nýjum hafnsögubáti á Ísafjörð var tekin fyrir á fundi bæjarráðs í síðustu viku. Í ljósi upplýsinga frá bæjarstjóra taldi ráðið nauðsynlegt að framlag úr ríkissjóði samkvæmt heimild í hafnalögum liggi fyrir áður en ákvörðun verði tekin um kaup á nýjum hafnsögubáti, eins og segir í bókun bæjarráðs.

Í bréfi hafnarstjóra til bæjarráðs kom fram að vinna við kaup á nýjum bát sé mjög langt komin. Málið hafi verið á málgað við samgönguráðherra á síðasta Fjórðungsþingi og síðan hafi farið fram undirbúningsvinna í samstarfi við aðstoðarmann ráðherra. Eftir fund sem haldinn var 13. júní sl. með skrifstofustjóra samgönguráðuneytisins, formanni samgöngunefndar Alþingis og forstjóra og framkvæmdastjóra Siglingastofnunar hafi það verið skilningur hafnar- yfirvalda á Ísafirði „...að það

væri engin hindrun í veginum að fara af stað og leita eftir tilboðum og gera bindandi kautilboð í þann bát sem við teldum henta í þetta verkefni. Það lá fyrir að bátur smíðaður í Færeyjum 1997 myndi henta okkur vel hvað stærð og rekstur varðar. Þess vegna var unnið í því að gera tilboð í þann bát og samkvæmt þreifingum skipasalans var komið ásett- anlegt verð af beggja hálfu. Þá kemur það í ljós að annað hvort var skilningur okkar rangur eða forsendur þeirra sem við ræddum við höfðu breyst,“ eins og segir í bréfi hafnarstjóra.

Guðmundur rekur síðan í bréfi sínu að þar til að umrætt ríkisframlag hefði borist hefði verið ætlunin að fjármagna kaupin með tilfærslu á framkvæmdum fram til ársins 2006. Síðan rekur Guðmundur ástand Þyts, núverandi hafnsögubáts, og segir þar m.a.:

„Fyrir um þremur árum var farið í kostnaðarsamt viðhald á bátnum. Það liggur einnig

fyrir núna að fara í mjög kostnaðarsamt viðhald bara til þess að geta verið með gilt haffæri að kröfu Siglingastofnunar. Kostnaðaráætlun sem gerð var bara fyrir bolviðgerð er upp á 2,4 milljónir svo eru einnig kvaðir á að endurnýja rafmagn og stýrishús sem er orðið mjög tært. Einnig er vélin mjög illa farin og sú upptekt sem gerð var á henni fyrir þremur árum virðist að engu orðin. Þannig að ef upp yrði lagt í viðgerð á bátnum yrði fljótt komið í 10 milljónir.“

Þá rekur Guðmundur mikilvægi viðskipta skemmtiferðaskipa fyrir Ísafjarðarhöfn og segir það skipta mestu máli að ná sem flestum skipum upp að Sundabakkanum og segir að við það hækki tekjur um rúmlega helming. Hann segir flesta skipstjóra kvarta og óttast mest að höfnin hafi ekki yfir að ráða dráttarbát því eins og alkunna sé þá sé innsiglingin þröng og þurfi mikla nákvæmi við stjórn stærri skipa er í höfnina komi.



Hafnsögubáturinn Þytur.


Í bréfi Guðmundar kemur einnig fram að á erlendum Cruise-vefjum sé höfnin skráð með „Mini Tug 8 ton pull“ sem trúlega hafi verið sett inn í skrána fyrir nokkrum árum í trausti þess að fljótlega kæmi dráttarbátur með þann togkraft. Þytur sé hinsvegar aðeins með tæpra tveggja tonna togkraft en báturinn sem skoðaður var í Færeyjum hafi 12,4

tonna togkraft.

Í niðurlagi bréfsins telur Guðmundur mjög brýnt að leysa þetta mál farsælega og getur þess að næsta sumar séu skráð að bryggju þrjú skip sem séu stærstu skip sem nokkurn tímann hafa komið til Ísafjarðar. Í því ljósi sé nýr og öflugur bátur nauðsynlegur. Getur hann þess að umrædd skip muni skila rúmri einni milljón

króna í hafnarsjóð ef þau komi að bryggju en aðeins hálfri milljón króna ef þau liggi á legunni.

Að síðustu getur Guðmundur þess að verð bátsins í Færeyjum sé 45 milljónir og þar sem nú standi yfir endurskoðun fjárhagsáætlunar þá þurfi að gera ráð fyrir fjármögnun kaupanna þar til framlag ríkisins liggi fyrir. —hj@bb.is



Nýja byggingarsvæðið er handan við bæinn Tungu.

Húsbyggingar á Tunguskeiði á Ísafirði hefjast í þessum mánuði

„Mikið framfaraspor í sögu byggðar á Ísafirði“

– segir Hermann Þorsteinsson hjá verktakafyrirtækinu Múrkrafti ehf. á Ísafirði

Tilboð í gatnagerð á Tunguskeiði, hinu nýja íbúðahverfi á Ísafirði, voru opnuð hjá tæknideild Ísafjarðarbæjar í gær. Hermann Þorsteinsson hjá verktakafyrirtækinu Múrkrafti ehf. á Ísafirði ætlar að hefja byggingaframkvæmdir við tvö einbýlishús í hverfinu í þessum mánuði.

„Við ætlum að reyna að byrja ekki miklu seinna en upp úr miðjum mánuðinum

en vegna góðrar verkefnastöðu getum við ekki farið af stað strax“, segir Hermann. Í fyrstu verður lögð stofnbraut fyrir hverfið og einn botnlangi þar sem hægt verður að byggja 8 einbýlishús. Verða þetta fyrstu gatnagerðarframkvæmdirnar á Ísafirði í fjölda ára og segir Hermann bæjaryfirvöld eiga hrós skilið fyrir. „Þessi ákvörðun er mikið framfaraspor í sögu byggðar á Ísafirði og menn

eiga hrós skilið fyrir að taka hana. Í þessum málum hefur ekkert verið gert síðan hafist var handa við gerð Múla- lands og Seljalands fyrir mörgum árum.“ Hermann segir afhendingartíma nýju húsanna vera samkomulagsatriði. Ekki hafi verið gengið frá samningum við kaup- endur en greinilegur áhugi sé fyrir hendi. „Það er alltaf erfitt að selja hús þegar gatan er ekki einu sinni

tilbúin.“ Hermann segir að hafist verði handa við innstu götuna í hverfinu en þar sé gert ráð fyrir átta húsum. „Þar við hliðina er gert ráð fyrir tveimur botnlöngum til viðbótar. Með þessari gatnagerð er í rauninni verið að opna fyrir byggingu á 24 húsum. Það er lítill viðbótar- kostnaður að bæta við tveimur götum“, sagði Hermann.

– kristinn@bb.is

Óku út af í aurbleytu á vegum í Ísafjarðardjúpi

Tvær bílveltur urðu í Ísafjarðardjúpi sama kvöldið í síðustu viku, önnur við Litlabæ í Skútufirði en hin inni í Mjóafjarðarbotni. Engin slys urðu á fólki en bílarnir eru mjög mikið skemmdir eða ónýtir. Að sögn lögreglu voru aðstæður til aksturs svipaðar í báðum tilvikum og mjög slæmar, fljótandi aur á nýhefluðum vegunum af völdum rigningar. Talið var að ökumennirnir hefðu misst stjórn á bílunum í aurbleytunni. — kristinn@bb.is



Bygging flugturnsins á Ísafjarðarflugvelli tefst

Bygging hins nýja flugturns á Ísafirði hefur tafist nokkuð. Upphaflega var áætlað að ljúka yfirstandandi verk- áfanga 15. júlí. Guðbjörn Charlesson, umdæmisstjóri Flugmálastjórnar á Ísafjarðarflugvelli, segist nú reikna með að þeim þætti verksins verði lokið eftir um það bil mánuð. Guðbjörn segir að í ljós hafi komið á byggingar- stiginu að styrkja þyrfti burðarvirki turnsins. „Hönnuð- irlirnið ákváðu að styrkja turninn. Til þess er bætt við stíf- um og stöðum en því verki er að ljúka.“ Guðbjörn segir stefnt að því að taka turninn í notkun upp úr áramótum.

Málþing barna um mál- efni barna haldið

Barnaverndarnefndin á norðanverðum Vestfjörðum hefur ákveðið að halda ráðstefnu barna um börn þann 18. október. Að sögn Ingibjargar Maríu Guðmundsdóttur, forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, ákvað nefndin þetta í fyrravetur og hefur undir- búningur ráðstefnunnar staðið yfir í sumar. Markmið hennar verður að fjalla um Ísafjarðarbæ frá sjónarhóli barna. Ætlunin er að fá fulltrúa barna, svo og umboðs- mann barna ásamt fleiri fullorðnum til að fjalla um málefnið og sitja fyrir svörum. — hj@bb.is

Lífið er ekki bara pepsí og smákökur



Nafn: Halldór V. Magnússon.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: Í Reykjavík, 6.10.1967.
Atvinna: Tæknifræðingur hjá Orkubúi Vestfjarða.
Fjölskylda: Bý einn með hundinum Mosa. Á móður á Ísafirði, föður og eldri systur í Reykjavík og yngri bróður í Færeyjum.

Helstu áhugamál: Þessa stundina er þar körfuboltinn. Veit að KFÍ mun standa sig vel í úrvalsdeildinni í vetur, með öflugum stuðningi Ísfróinga og nærsveitunga.

Bífreið: Mitsubishi Lancer árg. 1999.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Gæti alveg hugsað mér að eiga Toyota Landcruiser 100.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Stærri. Sennilega tekið það helst til bókstaflega.

Uppáhalds matur? Borða svo til allan mat. Lambahryggur með stökkri puru svíkur aldrei.

Versti matur sem þú hefur smakkað? Spik af náhvali sem búið var að kæsa í mánuð að grænlenkum síð. Kom einum bita niður og hlaut bágt fyrir hjá Sigga P. ísmanni frá Bolungarvík. Át samt allt annað sem á borð var borið hjá honum t.d. maddak (náhvalshúð), soðna marhnúta, grálúðukinnar o.fl.

Uppáhalds drykkur? Vatn, kók, Heineken og Chivas. Ekkert endilega í þessari röð.

Uppáhalds tónlist? Gömlu mennirnir Johnny Cash og Neil Young eru í miklu uppáhaldi.

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? KFÍ, Liverpool, Boston Celtics og ÍA og BÍ í íslenska boltanum. Kenny Dalglish og Larry Bird voru mínir menn.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Liverpool í beinni. Þá er helgistund.

Uppáhalds vefsíðan? Kfi.is, bbæis, liverpool.is og ýmsar aðrar fréttar- og íþróttasíður.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Lord of the Rings..

Fallegasti staður hérlendis? Vestfirsku fjöllin.

Fallegasti staður erlendis? Gringe Dua sem er einn af Ammassalik-firði á austur Grænlandi.

Ertu hjátrúarfull(ur)? Nei.

Uppáhalds heimilistækni? Sjónvarpið.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Horfa á Liverpool vinna og Man. Utd. tapa. Helst í sama leiknum. (EKKI láta ritstjórn komast með puttana í þetta svar).

Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Östundvísi.

Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Ekkert sérstakt. Líður yfirleitt alveg ágætlega.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Nei.

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Man ekki eftir neinu sérstöku í augnablikinu. Einhverra hluta vegna man ég bara eftir því þegar aðrir gera sig að fífl.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Breyti ekki miklu á einum degi. Bæjarstjóranafnið héldist allavega óbreytt og ég held að nafni sé að gera ágætis hluti.

Lífsmottó? Lífið er ekki bara Pepsí og smákökur.



Umferðarmerkjum í Ísafjarðarbæ ýmist stolið eða snúið við

Vegagerðin segir hreinan faraldur á ferðinni

Vegagerðin hefur fengið lögreglu í lið með sér við að rannsaka þjófnað á umferðarmerkjum í Ísafjarðarbæ. Geir Sigurðsson, rekstrarstjóri hjá Vegagerðinni á Ísafirði, segir að hreinlega virðist geisa faraldur. „Einhverjir óþrútnir náungar hafa gert sér að leik að stela merkjunum. Í júní var töluvert um þetta og síðan kom aftur hrina í ágúst. Þetta eru allt varúðarmerki og beinlínis

hættulegt fyrir umferðina þegar þau hverfa. Að auki hefur töluverðu af umferðarmerkjum verið snúið við. Við höfum leitað til lögreglu með að rannsaka málið því svona getur þetta ekki gengið.“

Að sögn Geirs hafa þessir verknaðir aðallega átt sér stað í Dýrafirði, Öndarfarirði og Skutulsfirði en umferðarmerki hafi horfið allt inn á Kambsnes milli Álfafjarðar og Seyðis-

fjarðar í Djúpi. Aðspurður segir Geir telja að hér séu sömu aðilarnir að verki.

„Okkur finnst eins og verkefni bendi til þess. Menn þurfa til dæmis ákveðin verkfæri til að gera þetta og því grunar okkur að í flestum tilvikum sé um sömu aðilana að ræða. Ef þeir eru með öll þessi merki í fórum sínum hlýtur að koma að því að einhver sjái þau enda eru merkin stór og

ekki algeng í einkaeign. Ef einhverjir vita af umferðarmerkjum sem tekin hafa verið eða sjá slík merki á lausu, þá skorum við á viðkomandi að láta lögreglu vita“, segir Geir.

Aðspurður segir Geir tjónið vera tilfinnanlegt. „Ætli beinn kostnaður Vegagerðarinnar vegna þessara merkja sé ekki hátt á annað hundrað þúsund krónur.“

– kristinn@bb.is

Útivistartími barna orðinn tveimur klukkustundum styttri

Lögreglan hvetur foreldra til aðhalds

Lögreglan á Ísafirði vill minna foreldra á að framfylgja útivistarreglum barna en um nýliðin mánaðamót styttist leyfilegur útivistartími um tvær klukkustundir frá sumar-tímanum. Hlynur Snorrason lögreglufulltrúi á Ísafirði segir einnig ástæðu til að minna á

þær breytingar sem urðu við gildistöku nýrra barnaverndarlaga í sumar. Nú miðast útivistartími við fæðingarár en ekki fæðingardag eins og áður var.

Í barnaverndarlögum segir að á tímabilinu frá 1. september til 1. maí megi börn 12 ára

og yngri ekki vera á almannaferi eftir kl. 20 nema í fylgd með fullorðum. Þá sé börnum á aldrinum 13 til 16 ára ekki heimilt að vera á almannaferi eftir kl. 22 á kvöldin nema þau séu á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþróttar- eða æskulýðssamkomu.

Hlynur segir að ísskápaséglar með útivistarreglum, sem dreift var á norðanverðum Vestfjörðum fyrir um tveimur árum, ættu að vera til á hverju heimili. Ef segulinn vantar bendir hann foreldrum á að snúa sér til lögreglunnar á Ísafirði.

– kristinn@bb.is

Villikattagildrum á Ísafirði stolið eða þær skemmdar

Meindýraeyðir telur kattavini að verki

Nokkrar gildirur sem Valur Richter meindýraeyðir á Ísafirði hefur notað í þágu förgunar villikatta í bænum hafa horfið. Nokkrar að auki hafa orðið fyrir barðinu á skemmdarverkum. Málið hefur verið kært til lögreglu en Valur telur jafnvel að hér séu villikattavini að verki sem vilji trufla eyðingu þeirra. Hjá Ísafjarðar-



Valur Richter.

bæ stendur nú yfir áttak við að fækka villiköttum á Ísafirði.

„Ég veit eiginlega ekki hver þetta er en það ber mest á þessu við ákveðið hús í bænum. Maður getur ekkert fullt um það frekar nema hafa sannanir. Við fundum eina í fjörunni sem var búið berja saman, troða út með grjóti og kasta í sjóinn.“

Aðspurður segir Valur að um tilfinnanlegt tjón sé að ræða. „Hver gilda kostar um 15 krónur, það munar um það. Auk þess tefur þetta verkið, það er búið að sleppa mörgum dýrum út.“ Valur segir að hér séu um eignaspjöll að ræða og frá sínum bæjardýrum séð verði málið sótt sem slíkt.

– kristinn@bb.is

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu



Sveinbjörn Kristjánsson tekur land í Hvammsvík.

Vestfirðingar sigruðu í öllum flokkum hins árlega kajakmaraþons

Sveinbjörn sigraði í þriðja sinn og bætti tímann verulega

Vestfirðingar sigruðu í öllum flokkum hins árlega Hvammsvíkurmaraþons Kay-akklúbbsins sem haldið var á laugardag. Bolvíkingurinn Sveinbjörn Kristjánsson varði titil sinn í A-flokki karla og sigraði þriðja árið í röð. Hann rerir leiðina á 4 klukkutímum og 17 mínútum og bætti þar með metið í Hvammsvíkurmaraðoni um stundarfjórðung.

Ísfirðingurinn Halldór Sveinbjörnsson, sem er tæplega hálf fimmtugur að aldri,

sigraði í B-flokki karla á 4 klukkustundum og 48 mínútum en Ísfirðingurinn Fanney Pálsdóttir sem nú býr í Bolungarvík sigraði í kvennaflokki á 5 klukkustundum og 53 mínútum. Hún er fyrsta konan sem lýkur Hvammsvíkurmaraðoni og var jafnframt keppa í fyrsta sinn. Elín Marta Eiríksdóttir frá Ísafirði varð önnur í kvennaflokki á 6 klukkutímum og 6 sekúndum. Fleiri luku ekki keppni í kvennaflokki.

Í öðru sæti í A-flokki varð

Guðmundur Breiðdal frá Reykjavík á 5 klukkustundum og 7 mínútum. Örn Torfason frá Ísafirði varð í öðru sæti í B-flokki karla á 5 klukkustundum og 3 mínútum en Eggert Jónsson, einnig frá Ísafirði, varð í þriðja sæti á 5 klukkustundum og 10 mínútum.

Hinn tæplega 15 ára gamli Þröstur Þórisson frá Ísafirði vakti sérstaka eftirtekt. Hann var yngsti keppandinn á mótinu og hafnaði í fjórða sæti í B-flokki á 5 klukkustundum og 52 mínútum.

Róið var frá Geldinganesi innan við Reykjavík, inn Þerneyjarsund og út Kollafjörð og síðan inn Hvalfjörð til Hvammsvíkur, alls rúmlega fjórutíu kílómetra leið. Keppendur voru samtals tólf.

Vegna vinda í Ísafjarðardjúpi á föstudag lögðu vestfirsku ræðararnir ekki í að aka suður með kajak í eftirdragi. Þeir voru því á lánsbátum í keppninni og eykur það enn á afrek þeirra. Meðfylgjandi myndir voru teknar á mótinu.

– kristinn@bb.is



Þröstur Þórisson var yngsti keppandinn á mótinu.



Fyrstu konurnar sem ljúka keppni í Hvammsvíkurmaraðoni: Elín Marta og Fanney.



Bolungarvíkurkaupstaður

Til sölu

Húsnæðisnefnd Bolungarvíkur auglýsir til sölu sérþýli í eigu nefndarinnar. Tilboð óskast og skulu þau send á bæjarskrifstofuna í Bolungarvík merkt „Húsnæðisnefnd.“

Nefndin áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Húsnæðisnefnd Bolungarvíkur.

Ný verslun á Þingeyri, Dúddabúð, opnuð um síðustu helgi

Kaupmaðurinn sækir vörurnar sjálfur til Reykjavíkur

Verslunin Dúddabúð var opnuð á Þingeyri á sunnudag. Hún er til húsa að Hafnarstræti 2 þar sem áður var Verslun Gunnars Sigurðssonar. Eigandi er Verslun Dúdda Sigmunds ehf. en að því hlutfélagi standa Ragnar Þórðarson og fjölskylda hans ásamt Jóhannesi Ingimarssyni sem kenndur er við Norðurborg. Ragnar mun sjá um daglegan rekstur ásamt Láru Pétursdóttur. „Móttökur viðskiptavina hafa verið stórkostlegar og lofa góðu um framhaldið“, sagði Ragnar í samtali við bb.is og kvaðst vera bjartsýnn á reksturinn.

Ragnar segir að ætlunin sé að fylla það skarð sem myndaðist þegar verslunin Sandafell á Þingeyri hætti rekstri og vonandi riflega það. „Etlun okkar er að þjónusta Dýrfirðinga eins vel og hægt er. Við verðum með daglegar ferðir til Ísa-

fjarðar. Meðal annars verður boðið upp á nýtt brauð á hverjum morgni frá Bakaranum á Ísafirði en það eru kominn mörg ár síðan ný brauð hafa verið á boðstólunum á Þingeyri.“ Auk þess sem almenn matvara fæst í Dúddabúð verður vísir að byggingavörudeild í samstarfi við Húsasmiðjuna og verða

daglegar ferðir milli verslananna.

Að sögn Ragnars verður reynt að halda niðri vöruverði meðal annars með því að hann mun sjálfur sækja vörur til Reykjavíkur hálfsmánaðarlega á eigin flutningabíl. Hann segir það mun ódýrara en að skipta við hefðbundin flut-

ingafyrirtæki.

Dúddabúð verður opin fyrst um sinn frá 9.30 til 18 virka daga og frá 10 til 14 á laugardögum. Í undirbúningi er að bæta myndbandaleigu í verslunina og þá lengist afgreiðslutíminn.

– hj@bb.is

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Atvinna

Starfsmaður óskast á vinnustofu Heilbrigðisstofnunarinnar á Ísafirði. Um er að ræða 50% starf og er vinnutíminn frá kl. 13-17.

Nánari upplýsingar veitir Sigurveig Gunnarsdóttir, sjúkrabjálfi síma 450 4558.



Ísafjarðarkirkja

Kirkjuskolinn á Ísafirði er á sunnudögum kl. 10:30. Kirkjurúta fer úr Holtahverfinu kl. 10:45. Ísafjarðarkirkja.

Finnbogi Bjarnason og Helga Svandís Helgadóttir búa í Bolungarvík ásamt þremur börnum sínum, Thelmu Kristínu, sjö ára, Helga Eðvald, fjögurra ára, og Kristjönu Berglindi, tveggja ára. Reynsla þessara ungu hjóna er óvanaleg því bæði eldri börn þeirra eru með afar sjaldgæfan erfðagalla, svokallað PKU eða Phenylketonuria, sem gerir líkama þeirra ókleift að brjóta niður próteinið fenýlalanín. Hafa þau þurft að vera á sérstöku mataræði frá því að sjúkdómurinn uppgötvaðist. Þetta kostar mikið umstang og má segja að allt heimilislífið sé skipulagt út frá mataræði barnanna. Þau eru ævinlega send með brauð og kökur með sér fari þau t.d. í afmæli en Helga eldar í hvert mál tvennt af öllum mat, venjulegan og próteinsnaudan. Fylgjast þarf nákvæmlega með því sem börnin borða og vigta próteinmagnið sem þau innbyrða á hverjum degi. Næringarfræðingur gefur reglulega út nýtt mat á leyfilegu próteinmagni fyrir hvort þeirra um sig og þau fara reglulega í lækni-sskoðun og blóðprufu þar sem fylgst er með ástandi þeirra. Finnbogi og Helga bera sig vel þrátt fyrir þetta. Ef rétt er staðið að mataræði hefur erfðagallinn ekki áhrif á heilsu barnanna. Þau segja það mikið lán að geta þannig gert ráðstafanir til að tryggja heilbrigði þeirra, margir foreldrar standi frammi fyrir erfiðum sjúkdómum barna sinna og geti lítið gert. Þau leyna því þó ekki að heimilislífið sé töluvert meira krefjandi en ef börnin væru alheilbrigð. Erfiðast hafi þó verið að takast á við óvissuna í upphafi þegar Thelma greindist með PKU.



Horfa framhjá erfiðinu og láta hlutina ganga

– rætt við foreldra tveggja barna í Bolungarvík sem eru með PKU-erfðagallann

– Hvernig uppgötvaðist þetta?

Helga: „Það er tekin hælprufa á sjúkrahúsinu á fimmta degi eftir að börnin fæðast.“

– Þetta hefur þá legið fyrir hjá ykkur nánast frá upphafi.

Finnbogi: „Við vissum náttúrliga ekki að við værum bæði arfberar að þessum sjúkdómi. Það kom ekki í ljós fyrir en prófið var gert á Thelmu en okkur er sagt að líkurnar á að barn fæðist með þennan erfðagalla séu 1 á móti 16.000.“

Helga: „Í dag eru 11 eða 12 börn á Íslandi með þennan sjúkdóm en það hefur verið

leitað að honum hér á landi frá 1975.“

Finnbogi: „Þetta er misalgenget eftir löndum. Til dæmis er þetta mun fágætara í Finnlandi og þar er ekki leitað skipulega að PKU í börnum.“

Helga: „Thelma var orðin mánaðargömul þegar lækni hrindi í mig að sunnan og sagði að ég hefði eignast barn sem væri með Phenylketonúrea. Mér varð mjög bylt við enda vissi ég ekkert hvaða afleiðingar það hefði. Þetta var á föstudegi og á laugardegi þurfti ég að fara með hana í blóðprufu inn á Ísafjörð, strax

daginn eftir. Næsta mánudag mættum við með hana í rannsókn í Reykjavík sem stóð yfir í rúmar þrjár vikur. Rannsóknirnar sem slíkar tóku um tíu daga en hún þurfti að vera inni á spítala meðan verið var að koma jafnvægi á líkaman.“

Finnbogi: „Það hafði safnast upp prótein í líkamanum sem hún gat ekki brotið niður og losað sig við.“

Helga: „Thelma og Helgi þurfa að fara reglulega í blóðprufur. Fyrsta árið fóru þau vikulega en núna fara þau einu sinni í mánuði til þess að fylg-

ast með magni uppsafnaðs próteins í líkamanum.“

Finnbogi: „Til þess að vinna á móti þessu er þeim skammtað próteinmagnið á hverjum degi með mataræðinu.“

Framburðurinn í þriggja vikna rannsóknir

– Thelma er fyrsta barnið ykkar, hvernig varð ykkur við þegar þetta kom upp?

Finnbogi: „Þetta var gríðarlega erfið. Við fengum ekkert að vita hvað var að barninu.

Við komum inn á sjúkrahúsið og hún var bara nánast tekin af okkur. Helgu var sagt að hætta með barnið á brjósti og gefa því í staðinn amínósýru-blöndu. Í staðinn fyrir að gefa þeim prótein í gegnum fæðuna er farið bakdyramegin að hlutunum og þeim gefin blanda af öllum efnunum sem prótein er byggt úr til að líkaminn fái öll þau efni sem hann þarf. Við vorum betur undir það búin þegar strákurinn greindist en það var mikið áfall þegar þetta kom upp með Thelmu.“

Helga: „Þetta var mikið áfall. Ég hélt bara að hún væri

að deyrja því ég vissi ekki hvað þetta var.“

Finnbogi: „Læknirinn kom og reyndi að útskýra sjúkdóminn en við vorum í hálfgerðu losti: Hann talaði við okkur á læknamáli og rissaði eitthvað upp á töflu en maður var alveg frosinn og skildi ekki hvað hann var að segja.“

Helga: Atli Dagbjartsson barnalæknir á Landspítalanum er með þau. Þegar hann var að útskýra þetta fyrir okkur, þá heyrði ég bara þetta langa nafn á sjúkdómnum en síðan ekki meira. Þegar samtalinu lauk lagði ég símann á og fór að

„Til þess að vinna á móti þessu er þeim skammtað próteinmagnið á hverjum degi með mataræðinu.“

hágráta. Við vissum í rauninni ekkert hvað var í gangi fyrr en við vorum komin til Reykjavíkur.“

Finnbogi: „Þegar við komum með hana til Reykjavíkur tóku lækarnir við og fóru að stinga í hana og dæla úr henni blóði. Það þurfti svo mikið magn til að gera allar þessar rannsóknir í fyrstu. Þetta voru þvílík átök, barnið skældi og skældi, þriggja vikna gamalt. Mér fannst þetta alveg ömurlegur tími.“

Helga: „Mér var ráðlagt að vera úti en kikti samt inn. Þá var læknirinn búinn að stinga nál í höfuðið á henni því hann hafði fundið æð þar. Þarna voru teknar tíu stórar sprautur og fimm aðeins minni. Þetta þurfti allt að senda í rannsókn til Danmerkur til að greina nákvæmlega hvers konar PKU hún væri með. Þarna fór heilmikið ferli í gang en meðan barnið var inni á spítalanum var okkur kennt að sjá um mataræðið fyrir hana.“

Finnbogi: „Við þurfum á hverjum degi að vigta matinn og reikna út próteinmagnið. Þau eru alveg á sérkjæði og nánast próteinlausu. Drekkja t.d. ekki mjólk heldur sérstak- an próteinlausan mjólkur- drykk. Þau fá ekkert kjöt og engan fisk en við gefum þeim t.d. Cheerios í morgunmat og þá þarf að vikta það og reikna út próteinmagnið. Þau mega borða vissst magn af próteini á dag og við verðum að passa að fara ekki yfir það hámark.“

Sextán þúsund fyrir fjögurra daga skammt

– Þið hafið þá þurft að læra alveg nýjar aðferðir við heimilishaldið.

Finnbogi: „Í fræðslumyndbandi sem við horfðum á um PKU er sagt að þetta sé lífsstíll sem fólk þurfi að tileinka sér og ég held að það sé nokkuð rétt lýsing. Þegar þetta rannsóknarferli er búið varpar kerfið ábyrgðinni yfir á foreldrana og þeir þurfa að bjarga sér, þegar búið er að kenna grunnatriðin með fæðið. En auðvitað er maður afskaplega feginn að geta hugsað um sín eigin börn sjálfur.“

Helga: „Við þurfum að fara með þau tvisvar á ári í lækni- skoðun í Reykjavík og síðan í þessar mánaðarlegu blóðprufur. Að auki er ég í reglulegu sambandi við næringarráðgjafa sem reiknar út hvort eigi að auka eða minnka prótein- neysluna hjá þeim eða t.d. bæta við skammtinn af aminó- sýrudrykkjum. Þetta er allt byggt á niðurstöðum úr blóð- prufunum, þyngd barnanna og

aldri. Thelma fær t.d. minna prótein en Helgi.“

Finnbogi: „Það er ekki vitað nákvæmlega af hverju en læknirinn heldur að það sé vegna þess að hann er strákur, þeir einfaldlega brenni meiru. Það er líklega þess vegna sem hann þolir meira phenylalanín.“

– Hvernig gengur þetta daglega amstur hjá ykkur í kringum mataræðið hjá börnunum?

Finnbogi: „Þetta byrjar á því að við setjum í brauðvélin á kvöldin og böfum fyrir þau próteinlaus brauð. Á morgnana vakna allir og það eru vikt- að u.þ.b. 15 grömm af Cheerios og hellt próteinlausri mjólk út á. Þegar þau eru búin með morgunmatinn drekka þau eitt glas af aminósýrudrykkjum. Síðan hafa þau með sér sér- bakað brauðið í skólann. Þau mega fá smjör á það og t.d. tómata eða gúrku en alls ekki kæfu eða neitt slíkt. Í hádeginu er oft sérstakt próteinlaust pasta og brauð og ávöxtur með. Síðan á kvöldin höfum við einhvers konar grænmetis- rétt, grænmetisbuff eða steikt grænmeti. Grænmeti og kar- tóflur eru meginuppistaðan í fæðunni hjá þeim og svo þessi próteindrykkur.“

Helga: „Þessar sérvörur voru allar pantaðar frá Þýska- landi.“

Finnbogi: „Í fyrstu var tölu- vert mál að fá þetta en það hefur lagast. Núna get ég hringt í apótekið á Ísafirði þar sem Jónas Þór lyfjafraeðingur hefur séð um að panta allar þessar vörur fyrir okkur. Hann hefur reynst okkur mjög vel.“

Helga: „Þetta eru mjög dýr- ar vörur. Þær eru niðurgreiddar af Tryggingastofnun og við greiðum einungis 10% af kostnaðinum. Ein dós af prótein- drykk sem dugar í fjóra daga kostar t.d. um 16 þúsund krónur.“

Finnbogi: „Prótein- drykkurinn er reyndar alfarið greiddur af ríkinu enda held ég að engin fjölskylda gæti framfleytt sér og borið þennan kostnað ein.“

Helga: „Við kaupum fyrir þau próteinsnautt pasta, hveiti, kex, mjólk og fleira. Með þátt- tóku Tryggingastofnunar er verið á því svipað og á venju- legum mat út úr búð.“

Fara í ferðalög með hálfsmánaðar kost

– Útbúið þið þá sérstakt fæði fyrir þau úr þessum prótein- lausu vörum?

Helga: „Þegar þau fara til dæmis í afmæli, þá baka ég alltaf afmælisköku og sendi þau með.“

Finnbogi: „Þetta þarf allt að búa til og nesta börnin hvert sem þau fara. Hvort sem verið er að fara í útilegu eða út að borða. Reyndar mega þau borða franskar kartöflur og því er hægt að gera sér dagamun með þeim. Það er nánast það eina sem hægt er að panta á veitingahúsi fyrir þau en það þarf líka að fylgjast með því hversu stór skammturinn er upp á að telja saman prótein- magnið. En nú þegar maður er orðinn sjóaðri í þessu getur maður skotið á það. En þetta



er allt mál sem hjargast og vel hægt að laga sig að, þó þetta hljómi sjálfsgagt hræði- lega í eyrum þeirra sem geta gengið að mataræðinu sem vísu.“

Helga: „Það er margt í þessu sem kemur upp á. Ef það eru til dæmis pylsupartí fyrir krakkana, þá bý ég til pylsur heima úr kartöflum og gulrót- um. Ég er með uppskriftir að þessu öllu. Ef það er kaffiböð einhvers staðar, þá er ég búin að útbúa bakkelsi fyrir þau áður og hef með okkur. Ef er pítsuveisla, þá verður náttúr- lega að útbúa pítsuna úr pró- teinlausum hráefnum því ég get ekki hringt á Finnabæ eða einhvern annan veitingastað og pantað hana þar. Þetta er töluvert erfitt, sérstaklega fyrir Thelmu.“

Finnbogi: „Hún er orðin átta ára og farin að spá aðeins í þessa hluti – af hverju hún meg ekki borða það sama og hinir krakkarnir.“

– Þið þurfið að vanda geysi- mikið til þessara mála. Vænt- anlega getið þið ekki sent börnin með pening út í bakarí ef þið eruð illa fyrir kölluð, eða hvað?

Finnbogi: „Nei, þetta þarf allt að hugsa fram í tímann. Ferðalög eru t.d. mikið skipu- lagsmál hjá okkur. Þá þarf að vera búið að ákveða hvað eigi að gefa börnunum að borða þann tíma sem farið er að heiman. Það er náttúrlega hægt að grípa í franskar kartöflur, grænmeti og ávexti alls staðar. En allt annað þurfum við að taka með að heiman.“

Helga: „Það er helst að mað- ur geti aðeins slakað á kröfun- um ef maður er að fara til Reykjavíkur því þar er hægt að kaupa þessar próteinlausu vörur hjá lyfjageildsölunum.“

– Þegar þið haldið út á þjóð- veginn, eruð þið þá með hálf- mánaðar kost í skottinu?

Finnbogi: „Já, í rauninni er það þannig.“

– Hvernig er það, getið þið þá nokkuð farið með börnin til útlanda?

Helga: „Það er hægt ef mað- ur skipuleggur sig vel.“

Finnbogi: „Við gætum vel hugsað okkur að láta reyna á

það við tækifæri.“

Helga: „Þá þyrftum við að velja gististað með góðri að- stöðu, t.d. aðgangi að frysti. Þá gæti maður bakað einu sinni eða tvisvar í fríinu og geymt.“

Finnbogi: „Við böfum brauð hérna heima á hverjum degi og ekkert hægt að skorast undan því. Annars fær barnið ekkert nesti til að hafa með í skólann.“

Frekar hætta á andlegum skaða

– Eruð þið þá sjálf komin meira og minna inn á þetta fæði líka eða hvernig hagið þið því?

Helga: „Nei, það myndi ekki vera fullnægjandi næring fyrir okkur. Þau drekka þennan aminósýrudrykk sem í eru öll næringarefni. Þau þurfa t.d. ekki að taka lýsi.“

Finnbogi: „Það er allt í þessum drykk og þau þurfa ekkert að hugsa um að taka nein vítamín eða slíkt.“

Helga: „Þess vegna eru það pínulítill viðbrigið hjá okkur með litlu stelpuna okkar að þurfa allt í einu að fara hugsa út í að gefa henni vítamín og passa að hún sé að borða úr öllum fæðuflokkum. Hún er á venjulegu fæði sem er allt ann- ar vinkill á uppeldinu.“

– Er þá alveg tvöfalt matar- æði í gangi á heimilinu hjá ykkur?

Helga: „Þegar ég elda grjónagraut, þá er ég með öðruvísi grjón og öðruvísi mjólk fyrir þau. Þannig eru alltaf tveir pottar af hverju og í rauninni þyrfti ég að fá mér fleiri hellur ef vel ætti að vera.“

Finnbogi: „Ávinningurinn af öllu þessu saman er að börn- in eru heilbrigð. Þau eru á þessu mataræði fyrir lífstíð en verða þá ekki fyrir skaða af erfðagallanum. Ef þess væri ekki gætt myndu þau ekki þroskast eðlilega. Próteinið phenylalanín myndi safnast fyrir í líkamanum og hafa mjög alvarleg áhrif á mið- taugakerfið og heilann. Þess- um sjúkdómi fylgir engin lyfjagjöf, sem er mikill kostur, heldur bara sérfæði og aminó-

sýrudrykkur. Ef maður setur sig í spor annarra foreldra sem þurfa að glíma við aðra sjúk- dóma, þá er maður mjög hepp- inn því þessu fylgja engar skurðaðgerðir eða lyf heldur hefur maður það sjálfur í hendi sér að börnin verði heilbrigð.

Þessum erfðagalla virðast fylgja ákveðin einkenni. T.d. eru þessi börn oft frekar ör. Ekki ofvirk eða slíkt heldur mjög dugleg börn. Ef það kemur einhver óregla á fæðið, þá safnast próteinið upp í lík- amanum og það brýst út í skap- inu hjá þeim. Þau verða ein- beitingarlaus og pirruð. Þann- ig erum við farin að þekkja vel til einkenna og tókum eftir því ef fæðið er eitthvað van- stillt.“

– Hugsðið þið jafnvel sem svo að það hefði getað farið verr fyrir börnunum?

Finnbogi: „Mörg börn þurfa að kljást við ýmiskonar kvilla, maður heyrir um hjartagalla og margt þaðan af verra. Ég hugleiði það oft hvað maður er heppinn að geta átt heilbrigð börn. Þetta er náttúrlega frekar mikil fyrirhöfn en maður legg- ur það alveg á sig.“

– Lendið þið í því að börnin séu á einhvern hátt illa haldin út af þessum sjúkdómi?

Helga: „Ekki líkamlega, það er frekar að þetta leggist á þau andlega. Það hefur komið upp hjá þeim báðum að langa í eins mat og hinir og furða sig á því af hverju þau meg ekki fá hann. Það er engin sálfræði- aðstoð í boði fyrir þessa ein- staklinga á Íslandi. Við fórum á Evrópuþing PKU-aðstand- enda á Spáni þar sem við feng- um ýmsar fréttir af rannsók- num sem gerðar eru úti í heimi og aðstæðum í öðrum löndum. Í Danmörku t.d. eru börnin tekin í sérstakar sumarþúfir í viku á hverju ári þar sem þeim er kennt að elda og vikta mat- inn ofan í sig. Þar eru líka sálfræðingar og aðrir sérfræð- ingar sem ræða við börnin.“

Finnbogi: „Það gefur líka foreldrunum færi á að slaka aðeins á.“

Mikið samband á milli fjölskyldna

„Þetta var mikið áfall. Ég hélt bara að hún væri að deyja því ég vissi ekki hvað þetta var“

– Þið hafið sagt að Trygg- ingastofnun niðurgreiði sér- vörurnar fyrir börnin. En þar fyrir utan er það íþyngjandi fjárhagslega að eiga börn með þennan sjúkdóm? Er kerfið að virka í þessu tilvik?

Helga: „Kerfið kemur ágæt- lega til móts við þarfir þessara fjölskyldna.“

Finnbogi: „Það er helst að vantí upp á þessa sálfræðilegu- og andlegu aðstoð. Hana vant- ar heldur meira því hún spilar inn á hluti sem við erum kann- ski ekki alveg með á hreinu.“

– Eru misalvarleg tilvik af þessum sjúkdómi?

Helga: „Já, okkar börn ráða ekki við brjóta niður eina teg- und af próteini. En það eru til einstaklingar sem vinna ekki á tveimur tegundum og fá þá nánast enga fæðu, eru bara með næringu í æð.“

Finnbogi: „Það eru til mörg afbrigði af þessu.“

– Það hlýtur að fara meiri tími í heimilshaldi hjá ykkur en gengur og gerist.

Finnbogi: „Já, það gerir það.“

Helga: „Ég hef ekki verið að vinna síðan Thelma fædd- ist. Ég hef reyndar verið í skóla sem er náttúrlega ágætis vinna út af fyrir sig. Ég er að byrja að vinna núna, kenna í 65% starfi við Grunnskólann í Bol- unguravík. Þannig verður þetta örugglega töluvert streð í vet- ur.“

Finnbogi: „Svo er ekki hægt að sleppa að minnast á að foreldrar barna með PKU hafa með sér félag.“

Helga: „Það heitir PKU-fé- lagið á Íslandi. Við hittumst tvisvar á ári og nú er stefnt að því að fara út til Englands í haust á Evrópuþing.“

Finnbogi: „Þetta hefur verið mjög gaman. Við höfum hist á einhverjum stað úti á landi

eina helgi og skipst á upplýsingum. Síðan hefur verið sam-eiginlegur matur eitt kvöld. Þá geta allir komið og sest við borðið án þess að spá í nokkurn hlut því þar er matur fyrir alla hvort sem þeir eru með PKU eða ekki.“

– Reynir fólk þá að vera í sambandi og styðja hvert við annað?

Helga: „Já, þessar fjölskyldur hafa mikið skipst á ýmis-konar upplýsingum, uppskriftum og slíku.“

Finnbogi: „Það væri alveg vonlaust að heyra ekki í öðru fólki í sömu aðstöðu til að vita hvernig því gangi og hvað það hefði lært.“

– Eru margar fjölskyldur sem standa að samtökunum?

„Já, þetta eru 11 fjölskyldur, börnin eru 13. Nýjasti einstaklingurinn fæddist síðasta haust í Reykjavík. Það fæddust tvö börn með PKU árið 1995, síðan fæðist Thelma árið 1996 og strákur strax í mánuðinum á eftir. Helgi fæðist 1998 og síðan lítil stelpa í fyrra. Þannig hafa nokkuð mörg börn með PKU fæðst á Íslandi á síðustu árum.“

Finnbogi: „Sá elsti sem er á sérfæði með PKU á Íslandi í dag er 14 ára en síðan er eins og komi bylgja af börnum. Svo getur vel verið að það bættist enginn nýr í hópinn næstu 20 ár. Það eru til einstaklingar sem hafa aldrei verið á sérfæði og einstaklingar sem voru á því en hættu eftir kynþroska. Þeir hafa byrjað aftur vegna vanlíðunar og finna mikinn mun á sér.“

– Eruð þið þá eina fjölskyldan sem á tvö börn með PKU?

Finnbogi: „Nei, það er ein önnur fjölskylda sem er með tvö börn, tvo bræður. Þeir eru báðir eldri en Thelma.“

Proski barnanna hefði stöðvast

– En hefur þessi sjúkdómur til lengri tíma einhver önnur áhrif á heilsufar fólks? Eiga börnin á hættu að fá aðra kvilla seinna á lífsleiðinni vegna PKU?

Helga: „Það er í rauninni ekki vitað almennilega.“

– Hvernig er með erfðir Thelmu og Helga, geta þau eignast alheilbrigð börn þegar að því kemur?

Finnbogi: „Það veltur allt á þeirra maka. Ef hann er arfberi eru helmingslíkur á að barnið fái PKU og helmingslíkur á það verði arfberi. En ef makinn er ekki arfberi, þá fær barnið aldrei PKU en verður alltaf arfberi.“

„Ávinningurinn af öllu þessu saman er að börnin eru heilbrigð. Þau eru á þessu mataræði fyrir lífstíð en verða þá ekki fyrir skaða af erfða-gallanum“

– En það er ekki annað að sjá af börnunum en þau séu mjög frísk. Ef rétt er að málum staðið virðast þau hvorki líða fyrir þetta líkamlega né and-lega.

Helga: „Ef maður fer eftir forskriftum næringarfræðing-anna og lækna, þá þroskast þau alveg eðlilega.“

Finnbogi: „Allar þessar blóðprufur og læknisskoðanir eru náttúrulega til þess að fylgja með ástandi þeirra og þannig á þetta ekkert að fara úr skorðum.“

Helga: „Ef börnin fá ekki sérfæði, þá stöðvast proski þeirra við tveggja ára aldur en að öðrum kosti á hann að vera alveg eðlilegur.“

– Það er þá næsta verkefni hjá ykkur í kvöld að setja í

brauðvélina fyrir morgundaginn.

Finnbogi: „Já, nú fer maður að gera sig kláran fyrir næsta dag.“

– Og hugsa upp fleiri uppskriftir eða hvað?

Helga: „Já, það er nóg af þeim, t.d. er óhemjumagn á netinu. Ef maður bara slær inn PhenylKetonUrea fær maður upp fullt af síðum félaga úti í heimi. Síðan erum við að vinna í því að koma á lagginnar íslenski síðu með hagnýtum upplýsingum. Ég hef líka verið að safna saman uppskriftum því við ætlum að gefa út matreiðslubók fyrir einstaklinga með PKU.“

Samfélagið sýnir þörfunum skilning

– Má því ekki segja að verið sé að vinna heilmikið brautryðjendastarf?

Helga: „Jú, í rauninni, því það er ekki svo langt síðan að fórar vera hópur einstaklinga með PKU í meðferð hér á landi. Síðan eru tveir einstaklingar sem eru inni í stofnunum. Þeir eru þá fæddir fyrir 1975 og hafa ekki fengið rétta greiningu og rétta meðferð í tæka tíð.“

Finnbogi: „Það eru til nokkrar sögur í þá veruna.“

– Hvernig hefur gengið að

kynna þennan sjúkdóm fyrir umhverfinu ef svo má segja? Sýnir fólk sérþörfum barnanna skilning?

Helga: „Það hefur bara gengið mjög vel, fólk spyr og við reynum að svara og útskýra hlutina.“

Finnbogi: „Sumir koma alveg af fjöllum og vita ekkert að börnin eru með þennan sjúkdóm og þurfi þessa sérmeðferð, enda erum við ekkert fyrir að troða þessu málum upp á fólk.“

Helga: „Foreldrar vina barnanna okkar spyrja t.d. hvað megi gefa þeim að borða þegar krakkarnir eru að leika saman. Við þurfum náttúrulega að vera dugleg við að láta fólk vita um svona hluti.“

Finnbogi: „Þess vegna held ég að það verði til mikilla bóta þegar félagið verður búið að koma upp heimasíðunni. Þá getur fólk leitað þangað og skoðað þessi mál sjálft. Ég held að það yrði mjög þægi-legt, sérstaklega fyrir þá sem eru ekki nánustu aðstandendur og eru þess vegna kannski ekki mikið inni í málunum.“

– Á heildina lítið, hvernig hefur þetta gengið hjá ykkur? Nú eruð þið búnar að kljást við þessi mál í töluverðan tíma.

Helga: „Þetta hefur bara gengið ágætlega finnst mér.“

Finnbogi: „Já, ég held að við getum sagt það. Auðvitað

er maður misvel upplagður sjálfur og þess vegna gengur kannski misvel eftir dögum að takast á við hlutina. Stundum er maður hálfþreyttur og stendur kannski þínulítið ráðalauss frammi fyrir verkefnunum. En á heildina lítið hefur okkur gengið mjög vel að ráða við þetta.“

Ávinningur erfðisins mikill

Helga: „Maður er bara bjartsýnn og reynir að horfa ekki of mikið í gallana. Þetta myndi ekkert ganga öðruvísi. Þetta er erfitt en maður horfir bara framhjá því og lætur hlutina ganga.“

Finnbogi: „Ávinningurinn er svo mikill – að eiga heilbrigð börn. Vesen og fyrirhöfn er ekki hátt gjald fyrir það.“

Helga: „Við þekkjum heldur ekkert annað því fyrsta barnið okkar fæðist með PKU. Núna eru málin hins vegar farin að verða flóknari þegar við þurfum að læra á þetta venulega barnamataræði hjá litlu prinsessunni.“

Finnbogi: „Hérna í Bolungarvík njóta börnin líka góðs skilnings. Leikskólinn er t.d. að koma vel til móts við okkur. Nú er matseljan þar farin að elda sérstakan mat fyrir Helga í hádeginu. Þau fá náttúrulega öll mat þar og þess vegna er

það mjög gott fyrir hann að geta að þessu leyti fallið undir sama hatt og hinir. Okkur finnst mjög gott að leikskólinn komi á móti okkur með þessum hætti.“

Helga: „Við sjáum um að koma með hráefnið á leikskólann því þau geta náttúrulega ekki pantað þessi efni. Síðan skilst mér að ætlunin sé að hafa einn dag í mánuði þar sem allir fá eins mat og Helgi því auðvitað verða hinir krakkarnir ferlega forvitnir þegar hann er alltaf á sérfæði.“

Finnbogi: „Hann er mjög ánægður með og borðar mjög vel. Þetta er tiltölulega nýbyrjad en lofar góðu.“

Þá er kominn tími til að kveðja Helgu, Finnbuga og fjölskyldu í Bolungarvík enda komið fram á kvöld. Þau hafa í nógu að sýsla við heimilisreksturinn. Næsta verkefni á dagskrá er að gera klárt fyrir morgundaginn svo allir fái eitthvað að borða við sitt hæfi.

Þessi ungu hjón virðast ekki velta sér upp úr því þó töluvert meira sé haft fyrir daglegu amstri á þeirra heimili en víðast hvar. Þau eru dugleg að horfa framhjá smáatriðunum, á kjarna málsins, og leggja áherslu á að ávinningurinn af amstrinu sé margfaldur, að eiga heilbrigð börn.

– kristinn@bb.is



Söfnuðu á sjöunda þúsund fyrir RKÍ

Þær Heba Dís Prastardóttir, Alberta Runný Aðalsteinsdóttir, Særún Lind Bergsteinsdóttir og Íris Ösp Ólafsdóttir héldu tombólu á Ísafirði fyrir skemmstu til styrktar Rauða krossi Íslands. Afkrasturinn varð kr. 6.401 sem Bryndís G. Friðgeirsdóttir, starfsmaður Rauða krossins á norðanverðum Vestfjörðum, veitti viðtöku. Bryndís segir að bakhjarlar félagsins séu sjálfbodaliðar á öllum aldri. „Tombólubörnin eru mikilvægur bakhjarl Rauða kross Íslands. Í fyrra söfnuðu börnin um hálfri milljón króna sem er tvöfalt hærri upphæð en frá fyrra ári.



Heba Dís, Alberta Runný, Særún Lind og Íris Ösp. Fjármagnið fer aðallega í hjálparstarf erlendis þar sem sendifulltrúar eru að störfum. Á síðasta ári var féð notað til að styrkja fjögur heimili fyrir munaðarlaus og fötluað börn í Tansaníu“, sagði Bryndís. – kristinn@bb.is

Þjófar í leit að fíkniefnum vinna spjöll í skóla

Lögreglunni á Ísafirði barst tilkynning á laugardagsmorgun um að brotist hefði verið inn í Grunnskólann á Ísafirði. Önnundur Jónsson yfirlögregluþjónn segir innbrotið hafa átt sér stað um nóttina og greinilegt sé að innbrotspjófarnir hafi verið að leita að fíkniefnum. Hann segir umtalsvert tjón hafa hlotist af. Farið var inn í skólann með því að eyðileggja glugga en síðan voru margar hurðir innandyrar sparkaðar niður og skemmdar með járnverkfæri. Hann segir leið mannana hafa legið inn á skrifstofu þar sem þeir stálu geðlyfinu ritalín.

Í dómarasæti undir dulnefni

„Nú er öldin önnur. Það má með sannni segja“. Þessi orð Stakks eru allt að því skrifuð með söknuði eftir að fjallað var um dóma- og refsihlutverk Alþingis á fyrri tíð þar sem alþingismenn stóðu að háls- höggi karla og drekkingum kvenna. Það er auðvitað sjálf- sagt af lögfróðum umsýslu- mönnum sem aðgang hafa að gömlum sem nýjum saka- skrár að skýra söguna. En það fer heldur í verra þegar menn, með sérstakan aðgang að trúnaðarskjöllum, fjalla um nafngreinda menn í blöðum undir dulnefni - Stakks í þessu tilviki. Sá sem Stakk ritar hef- ur glögga yfirsýn um lands- yfirrétt og dómsstörf eins og lesa má í skrifum hans 13. og 20. ágúst sl. Sammerkt með þessum tveim pistlum er hins vegar að vegið er að tveimur alþingismönnum Frjálslynda flokksins.

Í niðurlagi skrifa sinna 13. ágúst sl. furðar Stakkur sig á því að Magnús Þór Hafsteins- son hvetur til þess að dómi í svokölluðu Bjarmamáli verði vísað til Hæstaréttar þar sem vafasamt sé að dæma tvær refsingar í sama máli. En áður hafði Fiskistofa beitt veiði- leyfisvipptingu í nokkrar vikur sem refsingu fyrir brottkast. Ég fæ alls ekki séð með hvaða rökum Stakkur getur tengt þessi orð og skoðanir Magnús- ar Þórs, sem sérstakan stuð- ing við Árna Johnsen og að- finnstur hans í þjóðhátíðar- bréfi til Vestmannaeyinga.

Reyndar er það svo að

Stakkur fjallar í báðum um- ræddum pistlum sínum um Árna Johnsen fyrrverandi al- þingismann án þess að geta nefnt hann á nafn. Það er að mínu mati afar slæmt ef lög- fróðir menn sem setjast í dóm- arasæti yfir samborgurum sín- um leggja slíka fæði á dæmda samferðamenn sína að geta eigi nefnt þá á nafn. Árni var borinn sökum og máli hans var vísað í Hæstarétt hvar hann var sekur fundinn. Er það skoðun Stakks að refsing hafi engan tilgang? Hafi ekki nein þau áhrif sem til mannbóta geti orðið eða auki víðsýni og skilning á því hvað rétt sé gert? Ef svo er, vona ég að Stakkur sé ekki í því hlutverki í þjóð- félaginu að rannsaka og dæma mál manna.

Stakkur nefnir samt fullu nafni Árna Ragnar Árnason sem hann tekur fram að sé Vestfirðingur og Gunnar Örn Örlygsson sem hann veit greinilega ekki um vestfirska fortíð á, né þá heldur um vest- firskar ættir Magnúsar Þórs. Ég átta mig hins vegar ekki á því hvers hann væntir sérstak- lega af Vestfirðingnum Árna Ragnari umfram aðra breyska menn, en það gætu hins vegar frændsemi, flokksbönd eða fortíð þeirra Stakks skýrt fyrir lesendum. Að Magnús Þór ali sérstaka önn fyrir línuviltun eins og Stakkur fullyrðir kem- ur nú úr, „miðvíkinni“ eins og Aðalvíkingar á Látrum og Sæbóli sögðu þegar þeim þótti lítt mark á takandi. Það mál- tæki ætti Stakkur að þekkja úr



Guðjón A. Kristjánsson.

„Er það skoðun Stakks að refsing hafi engan tilgang?“

vestfirska fortíð sinni.

Annars höfðu sjómenn ann- að orð um vitlausa uppgjöf á afla sem þeir trúðu ekki og sögðu um þann sem þá grunaði um að ljúga frá sér skip: „Hann var að melda Selfossmeldingu þessi“. Það er vonandi rétt hjá Stakki að vænta megi góðs af störfum Magnúsar Þórs á Alþingi í framtíðinni og þó varla sé hægt að ætlast til stór- virkja á þeim þremur dögum sem Alþingi starfaði á sl. vori þá var það nú samt svo að þingmenn Frjálslynda flokks- ins reyndu eftir megni á þeim dögum að fá fram betri vinnu- brögð við úrskurð og meðferð vafa- og utankjörfundarat- ráðherra var dæmdur í héraðs-

Því miður tókst það ekki og nú eru samskonar atkvæði bæði gild og ógild eftir geð- þótta stjórnarliða í kjörbréfa- nefnd og meirihluta ákvörðun Alþingis.

Sú fullyrðing Stakks að Gunnar Örn Örlygsson sem kjörinn var alþingismaður fyr- ir Frjálslynda flokkinn í Suð- vesturkjördæmi „telji ekkert athugavert við að brjóta lög“ eru orð Stakks sem jaðra við meiyrdi. Eins og Stakkur veit vafalaust var það Gunnar Örn sjálfur sem gerði þetta mál að játingamáli. Kjósendur vissu því allt um málið. Gunnar Örn játaði á sig sök í Ríkisútvarpi allra landsmanna fyrir fjórum árum. Hann var þá sjómaður og fiskisali. Ef dómskerfið og refsingar væru hér með edli- legum framkvæmdahraða hefði refsivist hans fyrir löngu verið lokið og hegning og sekt- ir uppperð.

Þegar til umræðu kom að Gunnar Örn skipaði 1. sæti í Suðvesturkjördæmi var okkur í Frjálslynda flokknum ljóst hvernig mál hans stóðu. Gunn- ar Örn sætti sig við niðurstöðu héraðsdóms í málinu á sínum tíma og vildi ljúka afpláun sem fyrst, enda viðurkenndi hann brot sín og taldi sér skylt að una dómi fyrir brotið. Gunnar Örn lýsti í blaðaviðtali á sl. vetri þessu máli öllu. Málið var ekki falið. Stakkur telur að Alþingi setji niður við að hafa menn í sínum röðum sem gerst hafi brotlegir við lög. Árni Matt. sjávarútvegs- ráðherra var dæmdur í héraðs-

dómi en vísaði því máli til Hæstaréttar. Er það skoðun Stakks að best sé þá að bola honum og öðrum dæmdum mönnum af þingi? Ef svo er að dæmdir menn, sem tekið hafa út refsingu sína eða greitt sektir vegna lögbrota, eigi ekki á þing að fara, þá er ansi seint um að binda.

Þar sem Stakkur er svo fróð- ur um okkar réttarfar og fellir nú dóma um þingmenn Frjáls- lynda flokksins, væri rétt af honum að kafa dýpra og aftar

í söguna enda gæti hann komið þeim fróðleik til æðstu mann svo þeir viti betur og þurfi ekki að kasta steinum úr gler- húsi vegna lítillar þekkingar á dómum og refsingu einstakra þingmanna. Stakkur getur aflað þeirrar vitneskju með auðveldum hætti, en ætti að hafa kjark til að skrifa undir nafni um nafngreinda menn. Skrif Stakks eru á ábyrgð Bæj- arins besta.

– Guðjón A. Kristjánsson alþingismaður.

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN Í SAFJARÐARBÆ

Lyfjaendurnýjun

Á Heilsugæslustöðinni á Ísafirði verður tekið á móti beiðnum um endurnýjun lyf- seðla í símatíma milli kl. 10-11 mánudaga til föstudaga.

Einungis er unnt að verða við beiðni um lyfjaendurnýjun með þessum hætti ef lækni heilsugæslustöðvarinnar hefur ávísað um- ræddu lyfi til viðkomandi einstaklings áður.

Háls-, nef og eyrnalæknir

Háls-, nef- og eyrnalæknir verður með móttöku og aðgerðir á Ísafirði dagana 11.- 13. september.

Tímapantanir í síma 450 4500 á milli kl. 8:00 - 16:00 alla virka daga.

Aðalfundur

Aðalfundur Styrktarfélags fatlaðra á Vest- fjörðum verður haldinn þriðjudaginn 16. september kl. 17:00 á Hótel Ísafirði.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar.
- Ársreikningar.
- Kynning á Svæðisskrifstofu.
- Kaffi.
- Kosning stjórnar.
- Önnur málefni.

Stjórn Styrktarfélags fatlaðra á Vestfjörðum

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar

Samstarfssamningur gerður við Flytjanda

Fulltrúar Körfuknattleiks- félags Ísafjarðar (KFÍ) og Flytjanda hafa undirritað samstarfssamning til næstu þriggja ára. Í tilkynningu frá KFÍ kemur fram að Flytjandi hafi styrkt félagið um langt árabíl en báðir aðilar hafi viljað gera lengri samning að þessu sinni. Samningur- inn geri Flytjanda að einum stærsta styrktaraðila KFÍ og sé tilhlökkunarefni hjá báð- um aðilum að vinna saman.

KFÍ vill koma þökkum til allra þeirra hjá Flytjanda sem gerðu þennan samning að veruleika en segir að sérstaklega beri þar að nefna þá Pál Halldór Halldórsson og Rúnar Rafns- son.

Á meðfylgjandi mynd sjást Guðjón Þorsteinsson frá KFÍ og Rúnar Rafnsson frá Flytj- anda undirrita samninginn í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísa- firði. Að baki þeim standa meistaraflökksleikmennirnir



Frá undirritun samnings KFÍ og Flytjanda.

Anton Collins og Baldur Ingi Jónasson. – kristinn@bb.is

Þjónustumiðstöðin hlaut nafnið Álftaver

Þjónustuhúsið nýja í Súðavík sem hýsir skrifstofur hreppsins, veitingastaðinn Jón Indíafara, Víkurbúðina, heilsugæslu, pósthús, sparisjóð og fleira, ber framvegis nafnið Álftaver. Þetta var ákveðið á fundi hússtjórnar í síðustu viku. Eftir var til samkeppni um nafn hússins og bárust alls 22 tillögur. Svava Markúsdóttir sendi inn vinningstillöguna og hlaut 30 þúsund krónur í verðlaun. Í niðurstöðu dómnefndar segir að nafnið sé hljómfagurt. Það sé samsett úr orðunum álft og ver sem vísi til Álfta- fjarðar sem Súðavík standi við. – kristinn@bb.is

Högni og Ása urðu Skálameistarar 2003

Níunda og síðasta Fimmtudags-skálamót Golfklúbbs Ísafjarðar var haldið á Tungudalsvelli í síðustu viku. Sig- urvegari varð Ragnar Guðmundsson með 24 punkta, Högni G. Pétursson varð annar, einnig með 24 punkta, og Gunnar P. Ólason þriðji með 22 punkta. Skálameist- ari karla 2003, þ.e. sá sem fékk flesta punkta úr mótun- um fimm sem haldin hafa verið í sumar, er Högni G. Pétursson með 105 punkta. Annar varð Pétur Birgisson með 98 punkta og þriðji varð Grétar Sigurðsson með 96 punkta. Ása Grímsdóttir varð Skálameistari kvenna



2003 með 92 punkta, önnur varð Guðrún Á. Stefáns- dóttir með 72 punkta og Bjarney Guðmundsdóttir varð þriðja með 66 punkta. Í firmakeppninni sigraði Spari- sjóður Vestfirðinga með 191 punkt. Ísinn ehf. varð í öðru sæti með 189 punkta og verslunin Jón og Gunna ehf. varð í þriðja sæti með 186 punkta. –bb@bb.is

smáar

Óska eftir barnarúmi og stórum Lego-kubbum. Má vera ódýrt eða gefins. Uppl. í síma 867 0799.

Til sölu er Skoda Octavia turbo árg. 2000. Uppl. í sínum 456 4847 og 869 8015.

Óska eftir að kaupa bíl á verðbíl-línu 50-100 þúsund. Upplýsingar í síma 692 4990.

Til sölu er barnarímlarúm, hvítt lágt rúm fyrir 2-8 ára og elns árs. Einnig AEG þurrkari með barka. Uppl. í síma 863 1614.

Óska eftir atvinnu sem allra fyrst. Er vanur skrifstofustörfum, m.a. er lítur að Inn- og útflytníngi, toll-skýrslugerð og gerð útflytníngs-skýrslina, innkaupum, sölu- og reikningsgerð ásamt bókhaldi og mörgu öðru er viðkemur skrifstofustörfum. Auk þess er ég með melræf og rútuþróf. Annars koma öll störf til greina. Get hafið störf strax ef óskað er. Uppl. gefur Þorsteinn J. Tómasson í síma 894 8630.

Sunnukórsfélagar! Æfingar hefjast þriðjudaginn 23. september kl. 20 í Hömrum. Nýir kórfélagar eru velkomnir.

Kassavanir kettlingar fást gefins. Uppl. í síma 456 3286.

Til sölu er nýleg og vel með farin Beltuna harmonikka (fíðlsk), 96 bassa. Uppl. í síma 456 4295.

Óska eftir ódýrum bíl sem má kosta allt að 50 þús. kr. Verður að hafa skoðun út árið og gíman vera með vetrardekk. Upplýsingar í síma 846 3714.

Til sölu er WV Golf árg. 1998, ekin 69 þús. km. Upplýsingar í síma 846 7462.

Aðalfundur Styrktarfélags fatlaðra á Vestfjörðum verður haldinn á Hótel Ísafirði, 16. september kl. 17:00. Stjórnin.

Til leigu er elnstaklingsíbúð að Hlíðarvegi á Ísafirði. Uppl. í síma 848 2535 eftir kl. 15.

Óskum eftir 2ja-3ja herb. Íbúð til leigu á Ísafirði sem fyrst. Uppl. í síma 862 4517 eða 456 3702.

Óska eftir dráttarvéladekki af stærðinni 11,2/10-28. Uppl. í síma 863 3874.

Aðalfundur Litla leikklúbbsins verður haldinn í Edlnborgarhúsinu föstudaginn 12. september kl. 20:30. Venjuleg aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir. Léttar veitingar. Stjórnin.

Til sölu er nýlegur hornsófl, 215x 215 cm ásamt borði. Upplýsingar í síma 456 3803.

Óska eftir ódýru sjónvarpi. Uppl. í síma 823 1985.

Til sölu eru fjögur nagladekk á felgum með koppum undan Subaru. Verð kr. 12 þúsund. Uppl. í síma 846 0210.

Ódýr Jeppi! Til sölu er MMC Pajero, langur, turbo, dísel, árgærd 1998 með mæll. Upphækkiaður fyrir 33". Verð 270 þús. Uppl. í síma 849 9451 og 456 4562.

26 ára kona óskar eftir vinnu. Allt kemur til greina. Á sama stað óskar fjögurra manna fjölskylda eftir íbúð til leigu sem fyrst eða frá næstu mánaðarmótum. Upplýsingar í síma 845 2774.

Átta vikna, kassavanir kettlingar fást gefins. Uppl. í sínum 456 7230 eða 846 0215.

Er byrjaður að skrifa 6. bindið af 101 og þeir sem hafa undir höndum vestfirskar skemmtisögur, með nöfnum og endahnýtt, og hafa áhuga á að þær verði í Nýjum vestfirskum þjóðsögum, eru beðnir um að hafa samband við mig í síma 456 3948, netfangið stapi@simnet.is, eða senda í pósti sem fyrst. Einnig er hægt að líta inn til höfundar að Fjarðarstræti 2 á Ísafirði. Gísli Hjartar.

Ertu orðin(n) áskrifandi? Síminn er 456 4560

Guðbjörg Sigurðardóttir sigraði á Sickhouse open fyrst kvenna



Sickhouse open meistari fyrst kvenna en aðeins starfsmenn stofnunarinnar geta hampað þeim titli. Leiknar eru fimm holur en mótshaldið er allt með léttum formerkjum eins og ráða má af nafninu. Alls tóku 43 keppendur þátt í þremur styrkleikaflokkum. Veitt eru verðlaun fyrir ýmsa þætti leiksins m.a. besta búninginn, bestu nýtinguna á vellinum, besta kylfuberrann og fæstu þúttinn. Þegar golfleiknum lauk var efnt til grillveislu og margt gert til gamans fram eftir kvöldi. Meðfylgjandi svipmyndir tók Þorsteinn J. Tómasson.



STAKKUR SKRIFAR

Alþingismaður í dómarasæti?

Í BB í dag birtist grein eftir Guðjón Arnar Kristjánsson, alþingismaðmann Frjálslynda flokksins, formann hans, fyrrverandi varaþingmann Sjálfstæðisflokks og fyrrverandi formann Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Greinin er raunar fráleitar dylgjur um staðreyndir, sem öllum eru kunnar. Magnús Þór Hafsteinsson núverandi alþingismaður stuðlaði að því að lögbrot voru framin og kvikmyndað fyrir sjónvarp. Þessa hegðun sína játaði hann fyrir dómi. Skýringar Guðjóns á „miðvikinni“ og ummæli þar um eru óskiljanlegar öllum, en breyta engu um að nefndur Magnús er áhugamaður um línuviltun, þótt finna megi rök fyrir því að hún standist ekki núverandi lög, eins og á var bent í pistli þeim er Guðjón gerir að skotspæni sínum.

Enn er ástæða til þess að gera sér vonir um að Magnús Þór reynist góður þingmaður, þótt sú hegðun að hvetja til lögbrotat teljist vart alþingismönnum sæmandi, eða er Guðjón að verja slíkt? Magnús hefur ekki verið kallaður saka- maður. En í flestum síðuðum þjóðfélögum telja menn ekki sæmandi að tilgangurinn helgi meðalið. Einnugis er til þess vitnað, að enn þykir mörgum íslenskum kjóendum við hæfi að þingmenn sýni gott fordæmi í þeim efnum sem öðrum.

Þáttur Gunnars Arnar Örylgssonar er öllum kunnur, sem lesa blöð, og nægir að vísa til umfjöllunar Fréttablaðsins fimmtudaginn 14. ágúst síðast liðinn, birt á „vísir.is“ sama dag kl. 11:12. Þar kemur fram að hann afpláni nú sex mánaða fangelsisdóm sem hann hlaut fyrir bókhaldsbrot og brot á lögum um

stjórn fiskveiða fyrir Héraðsdómi Reykjaness. Þá segir: „Þrír mánuðir dómsins eru óskilorðsbundnir og mun Gunnar sitja einn mánuð í fangelsi og tvo mánuði mun hann taka út í samfélagsþjónustu, að sögn Margrétar Sverrisdóttur, framkvæmdastjóra Frjálslynda flokksins. Gunnar hefur setið í fangelsi síðan á fimmtudag og mun afplánum dóms hans ljúka í nóvember, að sögn Margrétar Sverrisdóttur.“

Ekki er nú um sérstakan aðgang að trúnaðarskjólum að ræða, nema umsögn framkvæmdastjóra Frjálslynda flokksins í Fréttablaðinu teljist trúnaðarskjal. En væri þá ekki um trúnaðarbrot framkvæmdastjórans að ræða? Árni Johnsen er svo þekktur í tengslum við þjóðhátíðarupphlaupið og þjónkun fréttamiðla við þjóðhátíðarnefndina, sem með skrípaleik sínum fékk mikla ókeypis auglýsingu, meðal annars á kostnað skattborgaranna í ríkisfjölmiðlunum, að ástæðulaust þótti að líka nafni hans frekar, enda ekki lengur á Alþingi. Það er munurinn á honum og Gunnari Erni Örylgssyni, en hans biður nú eins mánaðar dómur vegna hraðaksturs samkvæmt fréttum Ríkisútvarpsins síðasta sunnudag. Enginn var aðgangur að trúnaðarskjólum. Var þessa því ógetið. Ekki bæti hlut Gunnars, að alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, Sigurður Kári Kristjánsson, ættaður héðan að vestan, hafi hlotið dóm fyrir ölvunarakstur. Árna Ragnars, formanns sjávarútvegsnefndar, var getið vegna ummæla hans. Svo einfalt og auðskiljanlegt er þetta allt saman.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Virðist ævafor

Hörður Ingólfsson, stjórnarformaður Póls hf. á Ísafirði, fann í síðustu viku rostungstönn í Fljótavík í Sléttuhreppi hinum forna. Hörður segir að svo virðist sem tönnin sé ævafor, en hún er áföst við brot úr hauskúpinni. Tönnin fannst á leirunum framan við Svíná innst í Fljótavíkinni.

„Við Úlfar Finnbjörnsson kokkur vorum þarna á ferð og fundum hana á botni Fljótavíkurvatnsins sem er mjög grunnt þarna. Fyrir framan ána er mikill framburður og töluvert af surtarbrandi í vatnsbotninum. Ég frétti síðan af því frá Edward H. Finnssyni flugmanni að hann hafi fundið hauskúpu á sömu slóðum fyrir allmörgum árum.“

Heildarlengd beinsins og



Úlfar og Hörður í Fljótavík með tönnina á milli sín.

tannarinnar er 46 cm en tönnin sjálf mælist 30 cm. „Hún hefur sjálfsagt verið lengri því glerunginn vantar á“, segir Hörður.

Brot úr tönninni hefur verið sent til aldursgreiningar. „Það verður forvitnilegt að sjá

hversu gömul hún er en mér er sagt að þarna gæti hafa verið rostungalátur í fyrndinni. Héðan í frá hefur maður opin augun þegar farið er um þessar slóðir“, sagði Hörður.

kristinn@bb.is



Tönnin og beinhlutinn sem fylgir mælast 46 cm að lengd.



Jónas Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Bókhlöðunnar, afhendir Arnari Þór Canon-myndskannann að viðstöddum dómnefndarmanninum Halldóri Sveinbjörnssyni.

Þriðja ljósmyndasamkeppni Bókhlöðunnar, Nýherja og bb.is

Arnar Þór Gunnarsson hlaut fyrstu verðlaun

Arnar Þór Gunnarsson hlaut fyrstu verðlaun í þriðja ljósmyndaleik bb.is, Bókhlöðunnar á Ísafirði og Nýherja. Verðlaunin voru vandaður Canon-myndskanni og hlaut Arnar Þór hann að launum fyrir mynd sem nefnist Girnilegt og var tekin í kjallara Gamla apóteksins á Ísafirði. Verðlaunin voru afhent í Bókhlöðunni í síðustu viku.

Önnur verðlaun sem eru árs áskrift að Bæjarins besta hlaut Bragi J. Ingibergsson fyrir myndina Á leið undir regnboga en þriðju verðlaun sem eru stækkun á ljósmynd ásamt ramma hlaut Armelle Decaulne fyrir myndina Fuglar.

Alls bárust liðlega áttatíu myndir í keppnina og átti dómnefnd úr vöndu að ráða líkt og fyrr. Nú er hafin í fjórða

sinn ljósmyndasamkeppni meðal lesenda bb.is í samstarfi við Bókhlöðuna og Nýherja. Að þessu sinni er viðfangsefnið eða þemað „Fólk“. Þrenn verðlaun eru í boði sem fyrr en fyrstu verðlaun eru Canon i470D tölvuprentari. Leikurinn stendur fram að áramótum en allar nánari upplýsingar, leiðbeiningar og skilmálar eru á Ljósmyndavefnum á bb.is.



Menntskælingar fögnuðu upphafi skólaársins

Á annað hundrað menntskælinga fögnuðu upphafi skólaársins í MÍ með hinu árlega busaballi sem haldið var í Sjallanum á Ísafirði á föstudagskvöld. Samkvæmt venjunn er ballið haldið að kvöldi nýnemavígslunnar en að þessu sinni fór það fram næsta föstudag á eftir. Að þessu sinni mætti hljómsveitin Kung Fu á svæðið og lék fyrir dansi. Ekki var annað að sjá en að viðstaddir skemmtu sér konunglega. Á sama tíma lék trúbadorinn Eva Karlotta í Krúsinni fyrir þá sem höfðu aldur til að kaupa vinnveitingar. Meðfylgjandi svipmyndir tók Þorsteinn J. Tómasson.



helgar

dagbókin

Sjónvarp • veður •
skemmtanir •
íþróttir • fólk •
fréttir • kirkjustarf

veðrið

Horfur á fimmtudag:
Suðaustanátt, víða 13-18
m/s og rigning, en lægir
um kvöldið. Hiti 12-17 stig
Horfur á föstudag:
Gengur í austan 15-20
m/s með rigningu sunn-
anlands síðdegis, en
hægari og þykkar upp
fyrir norðan. Áfram milt.
Horfur á laugardag:
Austan 15-20 m/s og tals-

verð rigning um land allt.
Hiti breytist lítið.
Horfur á sunnudag:
Austlæg átt og vætusamt.
Horfur á mánudag:
Austlæg átt og vætusamt.

Pakkir

Innlegar þakkir til allra sem
glöddu mig á 90 ára afmælis-
daginn með heimsóknum, gjöf-
um, skeytum og símtölum. Sér-
stakar þakkir til starfsfólks öldr-
unardeildar. Guð blessi ykkur öll.
Símonía Asgeirsdóttir.

sportið

Sjónvarpið:
Laugardagur 11. sept.:
Kl. 11:50 – Formúla 1:
Bein útsending frá tíma-
tökunni á Ítalíu.
Kl. 13:25 – Þýski boltinn:
Leikur óákveðinn.
Kl. 15:50 – EM í knatt-
spyrnu kvenna:
Ísland – Pólland.

Sunnudagur 12. sept.:
Kl. 11:35 – Formúla 1:
Bein útsending frá
keppninni á Ítalíu.

Sýn:
Laugardagur 13. sept.:
Kl. 01:00 – Hnefaleikar:
Oscar de la Hoya berst
við Shane Mosley.

Sunnudagur 14. sept.:
Kl. 13:40 – Landsbanka-
deildin: Bein útsending frá
leikjum Vals og Fram og
KR og ÍBV.
Kl. 15:55 – Enski boltinn:

kirkja

Ísafjarðarkirkja:
Messa og kirkjuskóli á
sunnudag kl. 11. Heim-
sókn Gídeon-félaga.

Útsending frá leik
Birmingham og Fulham.

Mánudagur 15. sept.:
Kl. 18:50 – Enski boltinn:
Leicester City – Leeds

Stöð 2:
Laugardagur 13. sept.:
Kl. 13:50 – Enski boltinn:
Arsenal – Portsmouth.

Canal+ Norge:
Laugardagur 13. sept.:
Kl. 14:00 – Enski boltinn:
Arsenal – Portsmouth.
Sunnudagur 14. sept.:
Kl. 13:00 – Enski boltinn:
Man. City – Aston Villa
Kl. 15:05 – Enski boltinn:
Birmingham – Fulham

Canal+ Zap:
Laugardagur 13. sept.:
Kl. 14:00 – Enski boltinn:
Charlton – Man. Utd

Canal+ Blá:
Laugardagur 13. sept.:
Kl. 18:30 – Ítalski boltinn:
AC Milan – Bologna
Sunnudagur 14. sept.:
Kl. 15:05 – Ítalski boltinn:
Chievo – JUventus

TV2 Noregur:
Laugardagur 13. sept.:
Kl. 14:00 – Norski boltinn:
Rosenborg – Odd Grenland



www.ruv.is

Föstudagur 12. september

17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Anna í Grænublið (8:26)
18.30 Einu sinni var...
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Amy og Isabelle. (Amy and Isa-
belle) Bandarísk sjónvarpsmynd frá
2001. Myndin gerist í Maine 1971 og
segir frá mæðgum sem sinnast þegar
stærðfræðikennari dótturinnar dregur
hana á talar. **Adahlutverk:** Elisabeth
Shue, Hanna R. Hall og Martin Donovan.
21.40 Ást við fyrsta hiksta. (Kærlighed
ved første hik) Dönsk bíómynd frá 1999
byggð á vinselli unglingabók eftir Dennis
Jürgensen um Victor sem verður ást-
fanginn af Önu sem er forræki og tveimur
árum eldri en hann. **Adahlutverk:** Robert
Hansen og Sofie Lassen-Kalhke.
23.05 Frambjóðandinn. (The Con-
tender) Bandarísk bíómynd frá 2000.
Kona er í fyrsta skipti tilnefnd sem vara-
forseti Bandaríkjanna en sögusagnir um
fortíð hennar gera henni erftitt fyrir. **Adah-**
lutverk: Gary Oldman, Joan Allen, Jeff
Bridges og Christian Slater. e.
01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok
Laugardagur 13. september
09.00 Morgunstundin okkar
09.02 Tommi togvagn (11:26)
09.09 Bubbi byggir (4:39)
09.20 Albertína ballerína (33:39)
09.35 Stebbi strútur (10:13)
09.45 Babar (26:65)
10.09 Gulla grillari (47:52)
10.30 Frækjör ferðalangar (2:26)
11.10 Kastljósið
11.50 Formúla 1. Bein útsending frá
tímatöku fyrir kappaksturinn á Ítalíu.
13.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending
frá leik í úrvalsdeildinni.
15.20 EM í fótbolta
15.50 Landsleikur í fótbolta. Bein út-
sending frá leik Íslandaga og Pólverja í
undankeppi Evrópuþmótis kvenna.
18.00 Táknmálsfréttir
18.10 Enn og aftur (12:19)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Laugardagskvöld með Gísla
20.35 Truman-þátturinn. (The Tru-
man Show) Bandarísk bíómynd frá 1998
um tryggisgasóluminn sem kemst að
því að líf hans er ekki eins mikið einkamálið
hans og hann hugði. **Meðal leikendur eru**
Jim Carrey, Ed Harris, Laura Linney,
Noah Emmerich og Natasha McElhorne.
22.20 Rauðhúfa. (Red Cap) Bresk
spennmynd frá 1999 um herlögreglu-
menn sem rannsaka dularullt mál í her-
stöð í Þýskalandi. **Adahlutverk:** Tamsin
Outhwaite, Douglas Hodge, Gordon
Kennedy, Peter Guinness.
23.50 Þá var nú hlegið. (Cosi ridevano)
Ítalísk bíómynd frá 1998 um tvo bræðra
frá Sikiley sem flytjast til Tórinó í lok
sjöttáratugar síðustu aldar. Annar leggur
hart að sér við vinnu svo að hin geti
gengið í skóla en svo taka málin övanta
stefnu. **Adahlutverk:** Francesco Giuf-
rida, Enrico Lo Verso, Rosaria Dante
og Fabrizio Gifuni. e.
01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok
Sunnudagur 14. september
09.00 Disneystundin
09.01 Otrabörninn (44:65)
09.23 Síðildar teiknimyndir (2:42)

www.stod2.is

Föstudagur 12. september

06.58 Ísland í bitíð
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í finu formi
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bitíð
10.20 Neighbours
12.25 Í finu formi
12.40 Spin City (21:22)
13.00 Jag (13:25)
13.45 Amazing Race 2 (2:13)
14.30 The Agency (20:22)
15.15 Dawson's Creek (5:24)
16.00 Barnatími Stöðvar 2
17.20 Neighbours
17.45 Dark Angel (13:21)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
20.00 The Simpsons (11:22)
20.25 George Lopez (22:28)
20.50 Bernie Mac (11:22)
21.15 Punk d' (Negl'dur) Sjúklega fyndin
falín myndavél þar sem hjartaknúsarinn
og leikarinn Ashton Kutcher brekkir fína
og fræga fölkíð í Hollywood.
21.40 Hidden Hills (11:18)
22.05 Bad Boys. (Pörupiltar) Spennu-
mynd með gamansömu ífávi. Myndin
fjallar um tvo lögreglumenn í Miami en
vandréðin hellast yfir þá þegar þeir reyna
að endurheimta risastóran farm af eitru-

Hörkutól í hefndarhug

Í hefndarhug eða Collateral Damage, er hasarmynd af bestu
gerð frá árinu 2002 sem Stöð 2 sýnir kl. 21:00 á laugardags-
kvöld. Brunavörðurinn Gordy Brewer missti fjölskyldu sína
í sprengingu. Hryðjuverkamenn bera ábyrgð á verknæðinum
en rannsókn yfirvalda á málinu miðar hægt. Gordy er
fullur reiði og ákveður að taka málin í sínar hendur.
Foringi ódæðismannanna gengur undir nafninu Úlfurinn og
Gordy býður honum birginn. Adahlutverkið leikur Arnold
Schwarzenegger sem stefnir á að verða næsti ríkisstjóri
Kaliforníu.

lyfjum sem stolið hefur verið frá fíkní-
enalögreglunni. **Adahlutverk:** Will
Smith, Tea Leoni, Martin Lawrence.
00.00 Pilgrim. (Vegferð) Að róta í fortíð-
inni getur verið sársaukafullt og jafnvel
hættulegt. Jack er í þeirri stöðu að hafa
tapað minninu. Fögur listakona tekur
hann upp á sína arma og brátt fer ýmislegt
að rifjast upp fyrir Jack. Hann rámar í að
hafa haft mikla peninga undir höndum
en tengist það minnisleysi hans á einhver-
hát? **Adahlutverk:** Ray Liotta, Gloria
Reuben, Armin Mueller-Stahl.
01.35 Crimson Tide. (Ognir (undirþjáp-
un)) Varasarmur rússneskur þjóðernis-
sinni og uppreisnarmenn úr gamla Sovét-
hernum ná kjarnaflaumum á sitt vald.
Við blásir mesta ógnarástand sem upp
hefur komið síðan Kúbedeilan skók
heimsbyggðina. Bandarískur kjarnorku-
kafbátur er sendur á vettvang en ósam-
lynd yfirmanna um borð gerir ástandið
enn ískýgilegra. **Adahlutverk:** Denzel
Washington, Gene Hackman, Matt Crav-
en.

03.30 Tónlistarmyndbönd
Laugardagur 13. september

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.55 Ferngully
11.10 Yu Gi Oh (42:48)
11.40 Bold and the Beautiful
13.20 Football Week UK
13.45 A Hard Day's Night. (Bítlaeðið)
Bráðskemmtileg kvikmynd um vinsæl-
ustu hljófveit allra tíma. Bítla. Mynd-
in gerist eftir að bítlaeðið er skolið á en
það er ekki alltaf tekið út með sældinni
að vera frægur. Hér er fylgst með dæmi-
gerðum degi í lífi strákanna frá Liverpool
en "afi" eins þeirra kemur líka talsvert
við sögu. Tónlistin skipar veigamikinn
sess í myndinni sem enginn sannur aðdá-
andi hljómsveitarinnar getti að láta fram-
hjá sér fara. **Adahlutverk:** John Lennon,
Paul McCartney, George Harrison,
Ringo Starr, Wilfred Brambell.
15.10 Taken (8:10)
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Lottó
19.00 Friends (7:24)
19.30 Silent Movie. (Þögl kvikmynd)
Öborganleg gamanmynd frá 1976. Mel
Brooks leikstýrir og er jafnframt í einu
aðahlutverkanna. Framleiðandi nokkur
áformar endurkomu í kvikmyndheim-
inum en það á eftir að reynast honum
erlitt. **Marty Feldman, Dom DeLuise,**
Burt Reynolds, Liza Minelli, Paul New-
man, Annie Bancroft og margir fleiri
góðir leikarar koma við sögu.

21.00 Collateral Damage. (Í hefndar-
hug) Hasarmynd af bestu gerð. Bruna-
vörðurinn Gordy Brewer missti fjöl-
skyldu sína í sprengingu. Hryðjuverka-
menn bera ábyrgð á verknæðinum en
rannsókn yfirvalda á málinu miðar hægt.
Gordy er fullur reiði og ákveður að taka
málin í sínar hendur. Foringi ódæðis-
mannanna gengur undir nafninu Úlfurinn
og Gordy býður honum birginn. **Adah-**
lutverk: Arnold Schwarzenegger, Fran-
cesca Neri, Elias Koteas.
22.50 Twelve Monkeys. (Tölf apar)
Leyndardómurinn um apana 12 liggur á
mörkum fortíðar og framtíðar, skynsemi
og geðveiki og draums og veruleika.
Þetta er framtíðarsaga sem gerist árið
2035. Jörðin er öbyggileg eftir hælfor þar
sem 99% af öllu mannkyninu var eytt.
Nú þauka þeir sem eftir lifa í eyðilegum
undurheimum jarðarinnar. Nokkrir vis-
indamenn bjóða sig fram til að fara í ferð
til fortíðarinnar með þá von í brjósti að
endurheimta lífið á jörðinni áður en
mannkynið deyr algerlega út. **Adahlut-**

verk: Bruce Willis, Madeleine Stowe,
Brad Pitt.
00.55 The Mummy Returns. (Múm-
ían snýr aftur) Evintýramynd sem ger-
ist á Englandi árið 1933. Harðaxlinn
Rick O'Connell býr með eigin konu og
syni í Lundúnum. Svo vill til að múmían
Imhotep er flutt til Evrópu og er ætlaður
staður á breska þjóðminjasafninu. En
aðvitað vaknar múmían af svefni sínum
og þá verður fjandinn laus. **Adahlutverk:**
Brendan Fraser, Rachel Weisz, John
Hannah.
03.00 House on Haunted Hill. (Hásið á
draugahúsi) Þessi hörkuspennandi hroll-
vekja fjallar um fimm manneskjur sem
fá tilboð sem þær geta ekki hafnað. Þeim
er ætlað að eyða einni nótt á sjúkrahúsi
sem á árum áður hýsti geðveika glepa-
menn. Skelfileg vooðaverk voru fram í
húsinu en nú eru bæði fórnarlömb og
kvalarar dæin. Af þessum sökum gengst
fólkíð við milljón dala tilboði en fljótlega
kemur í ljós að þau þurfa að hafa meira
fyrir peningum en þau héldu í fyrstu.
Adahlutverk: Geoffrey Rush, Peter Gall-
agher.
04.30 Friends (7:24)
04.55 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 14 september

08.00 Barnatími Stöðvar 2
11.30 Mátisatími Stöðvar 2
12.00 Neighbours
13.50 60 mínútur
14.35 The Osbournes (10:10)
15.00 The Wizard
16.55 Strong Medicine (16:22)
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 60 mínútur
19.50 Sjálfstætt fólk
20.25 Servants (6:6)
21.20 Taken (9:10)
22.50 The Job (11:19)
23.10 The Apostle (Predikarinn) Predik-
ari í Texas kemst í hann krappan í heima-
bæ sínum og flytur búferlum. Hann sest
að í smábæ og verður sífellt áhrifameiri
í bæjarfélaginu enda ötull að sinna Guði
og boða trúna. Fráber mynd í leikstjórn
aðalleikarans Roberts Duvals. **Adahlut-**
verk: Robert Duval, Billy Bob Thornton.
01.20 Tónlistarmyndbönd


www.syn.is

Föstudagur 12. september

18.00 Olissport
18.30 Trans World Sport
19.30 Gillette-sportþakinn
20.00 Alltaf í boltanum
20.30 Football Week UK
21.00 Inside Schwartz (10:13)
21.30 Her Costly Affair. (Dýrkeypt
framhjáhald) Sálfræðitrýllir. Háskóla-
professorinn Diane Weston á í stuttu ást-
ensambandi við einn nemenda sína, Jeff
Dante. Hún slítir sambandinu en hann
vill meira. Diane er ákveðin en veit ekki
að Jeff er maður sem létur sér ekki segja-
ast og á að baki skuggalega fortíð. **Adah-**
lutverk: Brian Austin Green, Bonny
Bedelia, Joe Spano, Gina Philips.
23.00 Wishmaster 3. (Óskirnar þrjár)
Hryllingsmynd. Undarlegir atburðir ger-
ast við Baxter-háskólann í Íllínois. Nem-
endur og kennarar þar eru ýmsu vanir en
nú keyrir um þverbak. Það er engu líkara
en útsendari djöfulsins sé kominn á kreik
og það er ekkert gamanmál að lenda í
klónum á honum. **Adahlutverk:** John
Novak, A.J. Cook, Jason Conner.
00.30 Another 9 1/2 Weeks. (Önnur 9
1/2 vika) Erótísk kvikmynd. John hefur
ekki séð Elizabeth í áratug. Hún er honum
enn ofarlega í huga og þegar fréttist að
málverk hennar séu til sölu í París tekur
John næstu flugvél til Frakklands. Hann
kauptir öll verk hennar en Elizabeth sé
hvergi sjáanleg. John hittir vinkonu hennar,
Leu, sem segir honum að Elizabeth sé
nú ráðsett kona. En er John tilbúinn að
setta sig við þessi málalok? **Adahlut-**
verk: Mickey Rourke, Agatha de Fon-
taine, Angie Everhart, Steven Berkoff,
Dougray Scott.
02.15 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 13. september

17.00 Trans World Sport
18.00 Enski boltinn. Útsending frá leik
í úrvalsdeildinni.
19.50 Lottó
20.00 Nash Bridges IV (23:24)
21.00 MAD TV
21.50 Fast of Fury. (Stálhnefnn) Þriggja
stjarna hasarmynd. Chen Chen snýr aftur
til Shanghai í Kína og upptövar að læri-
meistari hans er látinn. Dæða hans þar
að með grunsamlegum hætti og Chen
Chen ætlar að sjá til þess að réttlátnu
verði fullnægt. **Adahlutverk:** Bruce Lee,
Nora Miao, James Tien.
23.35 Faithful. (Sér grefir gröf) Tuttugu



Kjartan J. Hauksson um borð í bát sínum í Bolungarvíkurhöfn undir lok síðustu viku.

Sviplegur endir á Íslandsróðri Kjartans J. Haukssonar

Báturinn gereyðilagðist í brimgarðinum í Rekavík bak Látur

Draumur Kjartans J. Haukssonar um að róa í kringum landið á þessu hausti varð að engu á laugardaginn. Hann lá við akkeri á Rekavík bak Látur á Hornströndum þegar bátinn sleit upp og rak upp í brimgarðinn. Þetta gerðist milli kl. 15 og 16 á laugardag. Kjartan slapp með mar og skrámur og verki í baki og hálsi en báturinn er gerónýtur, yfirbyggging-

ar brotnar af og botninn einnig brotinn.

„Ég var að hvíla mig þegar ég sleit akkerið og þá rak mig á flegiferð upp í brimgarðinn. Við átökin við að reyna að komast þar út braut ég árarar. Þá var nú fátt eftir og ég lenti í brimskafla sem hvolfði bátnum yfir mig. Svo skolaði okkur bara í brimið“, sagði Kjartan. Hann var marga klukkutíma

að reyna að bjarga bátinum úr brimini en honum hvolfði alltaf yfir hann aftur. Hins vegar tókst honum að bjarga flestum hlutum úr bátinum.

Bátur Björgunarsveitarinnar Ernís í Bolungarvík, Gísli Hjalta, hóf leit þegar Tilkyningaskyldan hafði ekki heyrð frá Kjartani á tilskildum tíma. Björgunarsveitarmenn fundu bátinn og Kjartan um kl. 19 á

laugardagskvöldið.

Kjartan sagði eftir komuna til Bolungarvíkur að auðvitað væru það gríðarleg vonbrigði að ferðin skyldi enda svona. Hins vegar væri hann ákveðinn í að láta þetta ekki stöðva sig í áformum sínum um róðurinn og búiðinn. Þrátt fyrir óhappið veit Kjartan að þetta er hægt og að hann er fær um að takast á við verkefnið og ljúka því.

Ljóst er að Kjartan hefur

þegar unnið mikið afrek með því að róa einsamall alla þá leið sem var að baki eða rúmar 200 sjómílur, oft við mjög erfið skilyrði. Kjartan hefur öðlast ómetanlega reynslu í þessari ferð en hún var m.a. farin til að reyna sjálfan sig, bátinn og búnaðinn. Þrátt fyrir óhappið veit Kjartan að þetta er hægt og að hann er fær um að takast á við verkefnið og ljúka því.

Svipleig starfslok framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga

Reyndist hafa misfarið alvarlega með fé sambandsins

Framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga lét fyrirvaralaust af starfi á þriðjudag í síðustu viku eftir að uppkomst um misferli hans með fjármuni sambandsins. Máluni var vísað til lögreglu. Að sögn Guðna G. Jóhannessonar, stjórnarformanns Fjórðungssambandsins, mun framkvæmdastjórinn, Ingimar Halldórsson, hafa dregið sér

fé úr sjóðum þess á árunum 2002 og 2003, samtals hátt í sjö milljónir króna. Þar af nam fjárdráttur á árinu 2002 rúmlega 2,2 milljónir króna. Þá upphæð var framkvæmdastjórinn búinn að greiða til baka um áramótin.

Á þessu ári mun fjárdrátturinn hafa numið um 4,6 milljónir. Þar af greiddi framkvæmdastjórinn um 3 milljónir til baka snemma í síðustu viku. Hann skuldbátt sig jafnframt til að greiða innan fárra daga þær 1.600 þúsund krónur sem eftir stöðu og gekk frá þeirri greiðslu á föstudag.

Hjá næstsíðasta framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga kom einnig upp misferli með fé sambandsins. Þar mun sjóðurinn hafa numið á sjöundu

milljón króna á tveimur árum, eins og fram kom í fréttum á sínum tíma. Því máli var ekki vísað til lögreglu eins og nú hefur verið gert.

Aðspurður hvort einhver sá eðlismunur sé á þessum málum sem réttlæti harðari viðbrögð nú segir Guðni G. Jóhannesson svo ekki vera. Hins vegar sitji nú aðrir í stjórn sambandsins en þá og með

önnur viðhorf. Auk þess hafi stjórnin stuðst við álit lögmanns þegar ákveðið var að vísa málinu til lögreglu.

Ingimar Halldórsson tók við starfi framkvæmdastjóra í ársbyrjun 2001. Guðni Geir Jóhannesson stjórnarformaður segir þetta mál gríðarlegt áfall, bæði fyrir sambandið og hann sjálfan persónulega.

— hlynur@bb.is



Ísafjörður

Framleiðslu á Primus verður hætt

Halldór G. Guðlaugsson, framleiðslustjóri Mjólkursamlags Ísfirðinga, segir að framleiðslu á próteindrykknum PRIMUS verði hætt í haust.

„Við framleiðum hann þangað til við erum búnir að klára aðföng vegna hans. Við fáum ekkert út úr framleiðslu drykkjarins og getum ekki borgað með honum lengur. Framleiðslunni er að minnsta kosti hætt tímabundið en ég veit ekki hvort við förum eitthvað út í þetta seinna“, segir Halldór.

Sala á PRIMUS hófst í desember árið 2000 að loknu tveggja ára þróunarferli sem unnið var í samstarfi Mjólkursamlagsins, Atvinnuþróunarfélagsins og Iðnteknistofnunar. Á aðalfundi Mjólkursamlags Ísfirðinga í apríl á þessu ári töldu forsvarsmenn þess viðbrögð við yfirstandandi markaðsátaki lofa góðu um áframhaldandi framleiðslu á PRIMUS.

— kristinn@bb.is



Prjónablaðið YR er komið út!

Fæst hjá Baðstofunni og í Verslun Bjarna Eiríkssonar í Bolungarvík